



LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA



Starfsskýrsla  
**2020-21**



**Umsjón:** Þórey S. Þórðardóttir

**Umbrot, myndvinnsla og hönnun:** Þórhallur Kristjánsson

**Kápumynd:** Hestar við Skógafoss

**Ljósmyndari:** Aubrey Ann Wood

# Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns .....	4
Stjórn og starfsfólk .....	10
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða .....	12
Lykiltölur íslenska lífeyrissjóðakerfisins.....	13
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 2020.....	14
Yfirlit yfir starfsemi LL frá aðalfundi 2020.....	19
Starfsnefndir Landssamtaka lífeyrissjóða .....	24
Áhættunefnd .....	24
Nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða .....	27
Réttindanefnd .....	30
Samskiptanefnd .....	38
Fræðslunefnd .....	43
Framtíð lífeyrissjóðakerfisins.....	51
Erlent samstarf og erlendur samanburður .....	56
Fundir, ráðstefnur, námskeið og fl. ....	61
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða.....	64
 Ársreikningur 2020.....	66
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.....	67
Áritun óháðs endurskoðanda .....	68
Rekstrarreikningur.....	71
Efnahagsreikningur.....	72
Sjóðstreyymisyfirlit .....	73
Skýringar.....	74



## Ávarp stjórnarformanns

Óhjákvæmilegt er að nefna strax í upphafi að kórónuveirufaraldurinn setti mark sitt á starfsemi lífeyrissjóða á starfsárinu 2020 og það sem af er ári 2021. Það er eðli máls samkvæmt því sjóðirnir eru hluti af gangverki samfélagsins alls og áhrifa faraldursins gætir alls staðar.

Við vildum fæst trúa því fyrir einu ári að staðan yrði enn sú sem hún er á vordögum 2021 en nú er von til að hið versta sé liðið hjá og fjöldabólusettingar stuðli að því að loksins birti til í öllum skilningi, heima og heiman.


Fjarfundir sæta engum tíðindum, þeir eru fyrir löngu orðnir hluti af staðalstarfsemi okkar. Skrifstofur sjóðanna hafa verið læstar og lokaðar tímum saman og starfsfólk ið sinnandi verkum sínum heima eða í aðskildum rýmum á vinnustað.

Það reynir á starfsfólk ið að vinna við slíkar aðstæður en sjóðfélagar og aðrir verða ekki varir við annað en að ganghjól kerfisins snúist eftir sem áður. Þeir sem þjónustu njóta finna í mesta lagi fyrir því að afgreiðsla einstakra erinda taki deginum eða dögunum lengur en væri í venjulegu árferði en það teljast smámunir og tekur ekki að nefna.


Ástæða er til þess að þakka starfsfólk lífeyrissjóðakerfisins fyrir að standa vaktina af þeirri auðmýkt og eljusemi sem við blasir daglega.

Þegar veiran fór að herja á okkur í fyrra höfðum við rétt svo lokið við að gera upp starfsár lífeyrissjóðanna 2019 og fagnað einu besta ávöxtunarári eigna sem sögur höfðu farið af. Við kviðum því eðlilega að heimsfaraldurinn myndi setja stórt strik í reikninginn hjá lífeyrissjóðunum

## Árleg raunávöxtun lífeyrissjóða



## Raunávöxtun lífeyrissjóða • 5 og 10 ára meðalávöxtun



1. Fyrir árið 2020 er notast við áætlaða ársávöxtun 9,4%. ▪ Heimild: Seðlabanki Íslands



á árinu 2020 en reyndin varð allt önnur og betri en fæst okkar þorðum að vona. Erlendar eignir lífeyrissjóðanna ávöxtuðust vel og innlendar eignir sömuleiðis þegar á heildina er litið.

Niðurstaðan er 9,4% raunávöxtun eigna sjóðanna að jafnaði á árinu 2020, sem telst afar gott og langt umfram það sem við bjuggum okkur undir þegar COVID-ógæfan dundi yfir.

Eignir sjóðanna voru 5.715 milljarðar króna í lok árs 2020 og námu um tvöfaldri landsframleiðslu.

Seðlabankastjóri mæltist til þess að lífeyrissjóðir gerðu hlé á gjaldeyriskaupum til erlendra fjárfestinga frá 17. mars 2020 að telja og legðu þannig sitt af mörkum til að bregðast við miklum og skörpum samdrætti útflutningstekna þjóðarinnar og mögulegum þrýstingi á gengi krónunnar vegna þessa.

Þetta hlé var í fyrstu ákveðið til þriggja mánaða en síðan fram lengt í aðra þrjá mánuði eða til 17. september. Lífeyrissjóðir studdu þannig í verki viðleitni til að stuðla að stöðugleika á gjaldeyrismarkaði og gengu hófsamlega fram eftir að hléi á gjaldeyriskaupum lauk í fyrrahaust. Sjóðirnir sýndu þarna samfélagslega ábyrgð líkt og þeir gerðu sömuleiðis svo um munaði eftir efnahagshrunið 2008.

Í beinu framhaldi nefni ég að á vettvangi okkar eru í seinni tím oft viðruð sjónarmið í þá veru að lífeyrissjóðirnir geti og eigi að koma að uppbyggingu samfélagsins með því að semja um að fjármagna tiltekna þætti eða innviði þess, til dæmis í samgöngu-, mennta- eða heilbrigðiskerfum landsmanna. Þannig færí saman að flýta nauðsynlegum verkefnum annars vegar og ávaxta eignir lífeyrissjóða hins vegar, hvort tveggja í þágu lands og lýðs. Við höfum vel heppnað fordæmi frá því þegar lífeyrissjóðir komu að fjármögnun Hvalfjarðarganga seint á öldinni sem leið.

Nærtækt er að velta fyrir sér hvort Sundabraut sé ekki verkefni sem lífeyrissjóðir geti tekið að sér að fjármagna og halda utan um að einhverju leyti. Það er í það minnsta umhugsunar virði. Höfum þá hugfast líka að fjárfestingar í samgöngukerfinu eru jafnan til þess fallnar að greiða leiðir og stytta þær sem aftur stuðlar að því að minnka kolefnisspor bílaumferðarinnar. Umhverfisáhrif samgöngumannvirkja eru jákvæð sem því nemur.

Ef við nú horfum til þess hvað stendur lífeyrissjóðum næst af verkefnum og viðfangsefnum blasir fyrst við sú staðreynd að þjóðin eldist hlutfallslega. Við lifum lengur sem auðvitað er gleðiefni en um leið mikil áskorun fyrir lífeyrissjóðakerfið. Okkur er gert að sjá til


þess að eignir lífeyrissjóða á hverjum tíma svari til skuldbindinga gagnvart sjóðfélögum vegna lífeyris. Lífslíkur vega því eðlilega þyngst í mati á skuldbindingum sjóðanna til lengri tíma.

Við stöndum frammi fyrir stórum spurningum sem varða samfélagið allt og kalla á svör frá stjórnvöldum, fyrirtækjum, hagsmunasamtökum og landsmönnum yfirleitt. Svörin eru ekki endilega til vinsælda fallin. Kerfið stendur ekki undir kröfum og skuldbindingum að óbreyttu og góð ráð eru þá dýr eins og fyrri daginn. Viðbrögðin geta ekki verið önnur en að seinka því að fólk öðlist eftirlaunaréttindi, að réttindi séu skert eða iðgjöld hækkuð. Líklegt er að horft verði til allra þessara þáttu að einhverju leyti.

Tækifærí gefst til að ræða stórar spurningar á vettvangi sem ríkisstjórnin boðar til stefnumörkunar í lífeyrismálum í samstarfi við heildarsamtök á vinnumarkaði og Landssamtök lífeyrissjóða. Stjórnvöld lýstu þessu yfir 29. september 2020 um leið og kynntar voru stöðugleikaaðgerðir í efnahagsmálum. Með fylgdi að afraksturinn yrði birtur í „grænbók um lífeyrismál“ vorið 2021. Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða fagnaði þessu frumkvæði og væntir þess að vel verði staðið að þessu samtali og samráði. Ljóst er auðvitað að boðaður tímarammi verkefnisins stenst ekki því verkið virðist vart



## Mannfjöldapýramídi • 2021 og 2066 (Spá)



hafið og vorið 2021 þegar komið. Í haust verða alþingiskosningar og því fyrirsjáanlegt að samráðsferlið verði síðar á ferðinni en ríkisstjórnin áætlaði þegar hún kastaði boltanum á loft.

Það liggur reyndar ekki fyrir hvernig stjórnvöld hugsuðu sér að standa að þessu mikilvæga verkefni en ljóst er að það er yfirgrísmikið og hefur margar hliðar. Ein stærsta og áleitnasta spurningin varðar auðvitað sjálft sambýli lífeyriskerfanna.

Þunginn í þeirri umræðu er mikill og vaxandi eins og birtist í daglegum skoðanaskiptum í samfélagini.

Sem nærtækt dæmi um samtalsefni nefni ég ákveðnar vísbendingar um auknar örorkugreiðslur úr lífeyrissjóðum í kjölfar Covid-19 faraldursins, annars vegar beinlínis vegna veikinda af völdum Covid eða hins vegar vegna afleiðinga aukins atvinnuleysis í faraldrinum. Þetta er áhyggjuefni séð af sjónarhóli lífeyrissjóða og samfélagsins alls.

Hlutfall örorkulífeyrisþega fer hækkandi í samfélagini og mikilvægt að rýna orsakir þessa og hvernig bregðast skuli við. Konur á miðjum aldri reynast vera sá hópur þjóðfélagsins þar sem örorka eykst hvað mest en sú þróun hefur átt sér stað jafnt og þétt á undanförnum 20 árum. Örorka varðar okkur öll og skiptir það lífeyrissjóðina miklu að jafnvægi sé milli greiðslna áfallalífeyris og eftirlauna til sjóðfélaga. Mikilvægt er að samtal eigi sér stað um hlutverk lífeyrissjóðakerfisins annars vegar og ríkisins hins vegar í greiðslum örorkulífeyris.

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar lagt fram á Alþingi frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksíðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign og fleira. Landssamtök lífeyrissjóða lögðu inn umsögn um frumvarpið og hvöttu til þess að málið fengi gagnlega umfjöllun og yrði ekki afgreitt nema að vel athuguðu máli.

Lagabreytingum samkvæmt frumvarpinu er ætlað að samræma lífeyrirsréttindi fólks hvar svo sem það er á vinnumarkaði og er það vel. Í umsögninni er getið um að skiptar skoðanir séu um málið í stjórn Landssamtakanna enda hafi stjórnarmenn mismunandi bakland og nokkrir þeirra telji farsælla að vinna fyrst að grænbók um lífeyrismál en bíða



með lagabreytingar á meðan. Frumvarpið falli illa að réttindakerfi ákveðinna sjóða og breytingar samkvæmt því flæki kerfið að óþorfu og raski fyrirkomulagi lífeyrissparnaðar þeirra.

Tekið var fram að engu að síður ríkti um það einhugur í stjórn Landssamtakanna að vandað yrði til verka við að móta framtíðarstefnu fyrir lífeyrissjóðakerfið og að miklu skipti að öll sjónarmið kæmust að í þeirri vinnu.

Starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða er öflug og skilvirk þrátt fyrir að aðstæður séu sérstakar og erfiðar á köflum. Liðsstyrkur á skrifstofu samtakanna skilar sínu, ekki síst aukin upplýsingamiðlun með meiri vídd og dýpt í krafti þekkingar og reynslu sem þar var ekki fyrir hendi áður í þeim mæli sem nú er.

Mikill kraftur er í starfi fastanefnda og ýmissa vinnuhópa á okkar vegum. Í lífeyrissjóðunum er

mikil sérfræðiþekking á mörgum svíðum sem tekst að beisla í nefndastarfinu sjóðfélögum og kerfinu öllu til hagsbóta. Þetta á við nefndastarfið í heild sinni en ég freistast til að nefna sérstaklega frumkvæði og mikilvæg verkefni sem nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða hafði og hefur á sinni könnu. Ég nefni líka störf réttindanefndar, áhættunefndar og samskiptanefndar. Gleymum heldur ekki öllu því sem fræðslunefndin fékkst við.

Þannig mætti áfram telja en ég vísa til frekari umfjöllunar um nefndastarfið og innra starf yfirleitt í ársskýrslunni. Þar vek ég samt sérstaka athygli á starfshópum sem fjalla um margar af stóru spurningunum sem ég hef vikið hér að og hafa sem yfirskrift: Framtíð lífeyrissjóðakerfisins. Þar má nefna hóp sem fjallar um gögn og tölulegar upplýsingar um lífeyrismál til opinberrar birtingar, stýrihóp til undirbúnings vinnu við grænbókina umræddu, starfshóp um helstu áhættuþætti

lífeyrissjóðakerfisins og hóp sem undirbýr reiknilíkan fyrir lífeyriskerfið á Íslandi.

Þegar litið er til alls þessa í innri starfsemi okkar blasir við að Landssamtök lífeyrissjóða búa að traustum innviðum í eigin starfsemi og fulltrúar þeirra eru sömuleiðis vel nestoðir að heiman til að taka þátt í hvers kyns samtölum og samráði með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi hvort sem handan borðs eru fulltrúar stjórnvalda eða annarra. Að svo mæltu þakka ég meðstjórnarmönnum mínum, starfsfólk Landssamtaka lífeyrissjóða, nefndarmönnum, stjórnendum lífeyrissjóða og öllum öðrum þátttakendum í starfseminni fyrir gæfuríkt samstarf á árinu.

**Guðrún Hafsteinsdóttir**





# Stjórn og starfsfólk

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð níu aðalmönnum og þremur varamönnum. Kjörtímabil er þrjú ár og skal árlega kjósa þriðjung stjórnarmanna og einn varamann. Á aðalfundi samtakanna vorið 2020 var Hilmar Harðarson, stjórnarmaður í Birtu lífeyrissjóði, kjörinn í stjórn í stað Jakobs Tryggvasonar. Hilmar er formaður Samiðnar – Sambands iðnfélaga og einnig FÍT – Félags iðn- og tæknigreina.

## Þrír aðalmenn voru kjörnir í stjórn LL

### til þriggja ára:

Erla Jónsdóttir  
Gylfi Jónasson  
Hilmar Harðarson

### Aðrir stjórnarmenn:

Arnaldur Loftsson  
Guðrún Hafsteinsdóttir  
Ingibjörg Ólafsdóttir  
Halldóra Káradóttir  
Harpa Jónsdóttir  
Valmundur Valmundsson

### Einn varamaður var kjörinn til þriggja ára:

Erla Ósk Ásgeirs dóttir

### Aðrir varamenn:

Sigurbjörn Sigurbjörnsson  
Hulda Rós Rúriksdóttir



**Stjórn:** Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður, Gylfi Jónasson, varaformaður, Arnaldur Loftsson, Erla Jónsdóttir, Halldóra Káradóttir, Harpa Jónsdóttir, Hilmar Harðarson, Ingibjörg Ólafsdóttir og Valmundur Valmundsson.

**Varastjórn:** Erla Ósk Ásgeirs dóttir, Hulda Rós Rúriksdóttir og Sigurbjörn Sigurbjörnsson.

## **Starfsmenn**

Framkvæmdastjóri Landssamtakanna er Þórey S. Þórðardóttir. Aðrir starfsmenn eru Ásta Ásgeirs dóttir hagfræðingur, Sólveig Hjaltadóttir verkefnastjóri og Stefán Halldórsson sem hefur undanfarin ár starfað fyrir samtökin að ýmsum verkefnum.

Starfsemi samtakanna hefur eflst á starfsárinu með fjölgun starfsmanna. Sólveig Hjaltadóttir viðskiptafræðingur hóf störf í ágúst 2020. Sólveig er með meistaragráðu í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands, hefur víðtæka reynslu úr atvinnulífinu og starfaði m.a. lengi hjá Tryggingastofnun ríkisins áður en hún hóf störf hjá LL. Sólveig hefur komið öflug til starfa og meðal annars unnið að fræðslu á vegum LL og komið að samskipta- og kynningarmálum. Jafnframt hefur Ásta Ásgeirs dóttir, sem hóf störf í byrjun árs 2020, unnið að bætta aðgengi að tölulegum gögnum um lífeyrismál og greiningum á stöðu lífeyriskerfisins.

Rakel Fleckenstein Björnsdóttir létað af störfum í ágúst 2020 eftir fjögurra ára farsælt starf hjá samtökunum.

Eins og undanfarin ár hafa LL átt í góðu samstarfi við Greiðslustofu lífeyrissjóða sem hefur annast ýmis almenn skrifstofustörf fyrir samtökin. Frá 1. janúar 2021 var skipulagi á rekstri skrifstofu LL breytt og nokkuð af þjónustunni fært til annarra aðila og af því tilefni þakka Landssamtökin



Greiðslustofu lífeyrissjóða fyrir gott samstarf til margra ára.

Starfsmenn Greiðslustofa lífeyrissjóða eru: Matthildur Hermannsdóttir framkvæmdastjóri, Sara Jóna Stefánsdóttir, Jófríður Ósk Hilmarsdóttir og Kristín Nielsen.

Jóhanna Ólafsdóttir létað af störfum hjá Greiðslustofunni eftir 35 ára farsælt starf.

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, Ásta Ásgeirs dóttir, hagfræðingur, Sólveig Hjaltadóttir, verkefnastjóri og Stefán Halldórsson, sérfræðingur.

# Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða

## Í 4. gr. samþykkta LL er hlutverk samtakanna tilgreint sem hér segir

- Gæta í hvívetna hagsmunu sjóðfélaga þeirra lífeyrissjóða sem aðild eiga að samtökunum.
- Vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiri háttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.
- Hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.
- Vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða, svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- Stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- Fylgiast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi lífeyrissjóðasamtaka.
- Vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.



# Lykiltölur íslenska lífeyrissjóðakerfisins

## Eignir og ávöxtun við árslok 2020

Eignir lífeyrissjóða við árslok 2020:

**5.715 ma.kr.**



Raunávöxtun lífeyrissjóða árið 2020:


**9,4%**



## Lykiltölur lífeyrissjóða við árslok 2019

Fjöldi greiðandi sjóðfélaga:

**223.772**



Iðgjöld ársins:

**265 ma.kr.**



Fjöldi lífeyrisþega (67+):

**45.604**



Lífeyrir ársins:

**164 ma.kr.**



# Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 2020

Landssamtök lífeyrissjóða héldu aðalfund á Grand hótel þann 26. maí 2020. Guðrún Hafsteinsdóttir setti fundinn. Guðrún Högnadóttir var kjörin fundarstjóri og Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, verkefnastjóri hjá LL, var kjörin fundarritari. Vegna Covid-19 takmarkana var fundurinn einnig á Zoom og atkvæði eingöngu greidd rafrænt til að tryggja að allir gætu tekið þátt í atkvæðagreiðslum.

Jakob Tryggvason, fráfarandi stjórnarmaður, annaðist umsjón tæknimála á fundinum til að tryggja hnökralausan fund við óvenjulegar aðstæður.



Þórey S. Þórðardóttir, Guðrún Hafsteinsdóttir og Guðrún Högnadóttir.

## Skýrsla stjórnar

Guðrún Hafsteinsdóttur, formaður, flutti skýrslu stjórnar á aðalfundinum. Í máli hennar kom fram hversu stórt hlutverk lífeyrissjóðirnir hafa í ráðstöfunum gagnvart sjóðfélögum og fyrirtækjum vegna erfiðleika sem kórónukreppan kallaði yfir samfélagið og efnahagslífið.

Hún minnti á að reynslan af uppbyggingu eftir bankahrunið 2008 sýndi að vel og farsællega gæti farið saman að taka þátt í að stuðla að endurreisn atvinnulífsins annars vegar og ávaxta eignir lífeyrissjóða hins vegar. Framtakssjóður Íslands væri gott dæmi um slíkt. Hún hvatti jafnframtil þess að stjórnir lífeyrissjóða íhuguðu nú vel og vandlega aðkomu að innviðum samfélagsins og vísaði til útspils ríkisstjórnarinnar á dögunum í því sambandi:

„... samgönguráðherra boðaði nýlega sex verkefni sem hægt væri að fara í með tiltölulega stuttum aðdraganda. Hann talaði um þau sem samvinnuverkefni og nefndi í því sambandi mögulega aðkomu lífeyrissjóða.

Ég er þeirrar skoðunar að þarna fari vel saman hagsmunir allra sem hlut eiga að máli og því eigi lífeyrissjóðirnir að velta þessum möguleikum fyrir sér af fullri alvöru.

Nú þegar gefur á bátinn í efnahagslífi okkar nefnir annar hver maður að við Íslendingar þurfum nauðsynlega að fjölga stoðum verðmætasköpunar hér á landi. Við köllum eftir því að Ísland leggi meiri áherslu á hugsvitsdrifin hagkerfi en auðlindadrifið. Sömuleiðis er horft til lífeyrissjóðanna og þeir hvattir til að fjárfesta í auknum mæli í nýsköpun.

Nýsköpunarumhverfið hér á landi er að mörgu leyti mjög gott á fyrstu stigum nýsköpunar en þegar fyrirtækin þurfa að vaxa enn frekar vandast oft málin og þau hafa í fáa sjóði að leita hér á landi. Það veldur því að mörg efnileg félög fara úr landi og byggjast upp í grannríkjum okkar í stað þess að dafna áfram hér heima og skapa verðmæti.

Þetta þekkjum við öll og einnig þá klemmu sem lífeyrissjóðirnir eru í hvað þetta varðar. Fjárfesting í nýsköpun er áhættusamari en í grónari félögum en ávinningurinn getur líka orðið meiri ef vel tekst til.

*Umræðan á síðustu árum um fjárfestingar lífeyrissjóða hefur oft verið mjög óvægin og ósanngjörn. Skilningur á eðli fjárfestingarstarfsemi okkar er oft á tíðum takmarkaður og sérstaklega á því að fjárfestingar lífeyrissjóða eru í eðli sínu til langs tíma. Við metum stóðu okkar, starfsemi og horfur með ár og áratugi í huga en slík hugsun hentar til að mynda afar illa í sviptivindum svokallaðrar umræðu á samfélagsmiðlum og meðal þeirra sem virðast oft stjórnast af því hvernig vindar blása þar.*

Einnig nefndi Guðrún fyrirhugað hlutafjárútboð Icelandair um þetta leyti og ákvarðanir sem stjórnir sjóðanna stæðu frammi fyrir samhliða því.

Þá ræddi hún um mikilvægi þess að stjórnir sjóðanna væru sjálfstæðar og stjórnarmenn hefðu alvarlegum skyldum að gegna og bæru mikla ábyrgð „*Við erum ekki og eigum aldrei að verða strengabréuður!*“

## Ársreikningur 2019

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, fór yfir helstu niðurstöður ársreiknings 2019 og breytingar frá fyrra ári. Rekstrartekjur ársins voru 120 milljónir kr. og rekstrargjöld 138 milljónir kr. Var því tap af

starfseminni á árinu sem var til samræmis við fjárhagsáætlun ársins.

## Kjör stjórnar og varastjórnar

Þrír aðalmenn voru kjörnir í stjórn til þriggja ára: Erla Jónsdóttir  
Gylfi Jónasson  
Hilmar Harðarson  
Erla Ósk Ásgeirs dóttir var kjörin varamaður til þriggja ára.

## Kjör endurskoðenda

Samþykkt var að KPMG ehf. yrði áfram endurskoðandi LL.

## Ákvörðun þóknunar stjórnar og nefndarmanna

Tillaga um þóknun stjórnar var samþykkt samhljóða. Þóknun hvers stjórnarmanns yrði 96.500 kr. á mánuði, þóknun varaformanns stjórnar 144.750 kr. á mánuði og þóknun formanns stjórnar 193.000 kr. á mánuði. Þóknun varamanna í stjórn yrði 48.250 kr. fyrir hvern setinn fund.

Einnig var samþykkt samhljóða að formenn fastanefnda samtakanna fengju greidda þóknun sem þeir væru almennir stjórnarmenn, 96.500 kr. á mánuði.

## Fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 og ákvörðun um árgjald

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2020 sem stjórn hafði þegar samþykkt.

Jafnframt gerði framkvæmdastjóri grein fyrir tillögu um árgjald fyrir árið 2020 sem fól í sér hækku frá árinu 2019 úr 120 milljónum í 130 milljónir kr. og að fast gjald á hvern aðildarsjóð yrði 325.000 kr. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Árgjald lífeyrissjóða til LL er ákveðið til samræmis við samþykkta fjárhagsáætlun, annars vegar fast gjald og hins vegar breytilegt gjald sem taki mið af hundraðshluta heildareigna sjóðanna í samtryggingu og séreign samkvæmt síðustu birtu ársreikningaskrá Fjármálaeftirlitsins.

## Önnur mál

Framkvæmdastjóri LL vakti athygli á ákvæði í samþykktum LL sem varðar uppstillingarnefnd og kom inn með samþykktabreytingum á árinu 2014. Nefndin kemur saman árlega til að finna fulltrúa í stjórn LL, 3 aðalmenn og 1 varamann.




Ber nefndinni við störf sín að líta til margra þátta við val sitt á fulltrúum, s.s. kyns, búsetu, sjóðs og hvort viðkomandi komi úr röðum launafólks eða atvinnureknda. Ákvæðið hafði verið gagnrýnt nokkuð og þá einkum fyrir að vera ekki nægilega sveigjanlegt þar sem aðeins þrír aðalmenn og einn varamáður væru í kjöri ár hvert. Því hafði verið talin þörf á að yfirfara ákvæðið og/eða setja nefndinni starfsreglur. Stjórn LL lagði til að fenginn yrði utanaðkomandi sérfræðingur til verksins. Fundarmenn voru hvattir til að koma ábendingum og athugasemdu sem þeir kynnu að hafa um ákvæðið og framkvæmdina á framfæri við LL.

Eftir að formlegum fundarstörfum lauk flutti Ásta Ásgeirs dóttir, hagfræðingur LL, erindi sem bar yfirskriftina: „**Íslendingar lifa lengur: Hvernig meta aðrar þjóðir hækkandi lífslíkur?**“

Ásta er stærðfræðingur og hagfræðingur að mennt og vann um árabil fyrir lífeyrissjóði í Danmörku og í fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun reiknikerfa fyrir danska lífeyrissjóði. Í erindi hennar kom fram að lífaldur og ávoxtun eigna væru þeir þættir sem jafnan hefðu mest áhrif á stöðu lífeyrissjóða til lengri tíma. Vanmat á lífslíkum jafngilti vanmati á skuldbindingum og ofmat á ávoxtun til lengri tíma hefði sömu áhrif.

Við blásti að fólk lifði almennt lengur og eignaðist færri börn. Aldurssamsetning í samfélögum

breyttist og hlutfall vinnandi fólks fyrir hvern eftirlaunaþega færí hratt lækkandi.



Í byrjun árs 2020 voru 5,3 einstaklingar á vinnualdri fyrir hvern einstakling á eftirlaunum

Mynd frá fyrirlestri Ástu Ásgeirs dóttur sem sýnir lækkandi hlutfall fólks á vinnualdri fyrir hvern eftirlaunaþega.



Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða.



Fundargestir í sal.



Ásta Ásgeirsdóttir og Guðrún Högnadóttir.



Ólafur Frímann Gunnarsson, Ólafur Páll Gunnarsson og Arnaldur Loftsson.



Ingibjörg Ólafsdóttir, Árni Guðmundsson og Sigurður Ólafsson.



Hrafn Magnússon og Sigurbjörn Sigurbjörnsson.



Þórhallur Jósepsson, Benedikt Jóhannesson og Stefán Halldórsson.



Guðrún Hafsteinsdóttir, Jakob Tryggvason, fráfarandi stjórnarmaður, og Þórey S. Þórðardóttir.

# Yfirlit yfir starfsemi LL frá aðalfundi 2020

Í beinu framhaldi af aðalfundi samtakanna 26. maí 2020 var haldinn fyrsti stjórnarfundur á starfsárinu. Á fundinum skipti stjórnin með sér verkum og var Guðrún Hafsteinsdóttir kjörin formaður þriðja árið í röð. Gylfi Jónasson var kjörinn varaformaður.

Afar fjölbreytt starfsemi fer fram á vegum Landssamtakanna. Þau beita sér í málum sem varða lífeyrissjóðakerfið í heild sinni og skila umsögnum um margvísleg mál, t.a.m. til þingnefnda, ráðuneyta og fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Fyrirspurnir berast frá starfsmönnum lífeyrissjóða og er vefurinn Lifeyrismál.is mikið notaður fyrir almennar fyrirspurnir. Erindum sem berast til LL er svarað af starfsmönnum eftir bestu getu eða viðkomandi er bent á leiðir til að nálgast upplýsingar. Fyrirspurnum til LL frá þeim sem búa erlendis og hafa starfað á Íslandi fjölgar ár frá ári.

## Víðtæk áhrif kórónaveirufaraldurinn

Þegar kórónaveirufaraldurinn brast á, og fyrirséð var hvað faraldurinn hefði víðtæk áhrif á allt atvinnulíf, heimili og einstaklinga, var gefin út sameiginleg yfirlýsing um viðbrögð vegna



Stjórn LL starfsárið 2020-2021

**Fremri röð f.v.:** Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður, Gylfi Jónasson, varaformaður, og Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri. **Efri röð f.v.:** Hilmar Harðarson, nýr stjórnarmaður, Harpa Jónsdóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir, Erla Jónsdóttir, Arnaldur Loftsson og Valmundur Valmundsson.  
Á myndina vantar Halldóru Káradóttur.

faraldursins af hálfu ríkisstjórnar Íslands, Samtaka fjármálafyrirtækja og Landssamtaka lífeyrissjóða. Samkeppniseftirlitið var upplýst um aðgerðir sem gripið var til í því skyni að milda áhrif faraldursins á heimili og fyrirtæki.

Meðal þeirra aðgerða sem lífeyrissjóðir gripu til var að bjóða upp á úrræði fyrir sjóðfélaga sem lento í tímabundnum greiðsluerfiðleikum með húsnæðislán. Einnig var opnað fyrir tímabundna útgreiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar með skilyrðum um hámarksfjárhæð og útgreiðslutímabil. Fyrirtæki, sem urðu fyrir tekjufalli vegna faraldursins, gátu sótt um frestun greiðslna. Þá leitaði ríkisstjórnin heimildar Alþingis til að veita fyrirtækjum í vanda viðbótarlán. Var það útfært af Seðlabanka Íslands og því ætlað að styrkja enn frekar getu lánastofnana til að mæta aðsteðjandi vanda.



*Flestir stjórnarfundir voru á TEAMS en þó gafst færri á að hittast í eigin persónu.*

## Vinnu- og stefnumótunarfundur LL

Þrátt fyrir kórónaveirufaraldurinn gafst samtökunum færi á að halda vinnu- og stefnumótunarfund síðla sumars þar sem farið var yfir megináherslur samtakanna á komandi starfsári. Fundurinn var 18.-19. ágúst 2020 á Hótel Hamri í Borgarnesi.

Þáttakendur voru stjórn, formenn fastanefnda og starfsmenn LL. Þema fundarins var að kryfja þær áskoranir sem lífeyrissjóðakerfið stendur frammi

fyrir vegna hækkandi lífaldurs og lágvaxtaskeiðs og hver viðbrögð sjóðanna gætu verið við þessum þáttum. Umræðustjóri var Vilhjálmur Egilsson.

Umræður voru að loknum erindum um hlutverk nefnda og áhersluverkefni þeirra á komandi vetri. Niðurstöður fundarins voru hafðar að leiðarljósi við skipulag á starfi vetrarins.



Þáttakendur á stefnumótunarfundi.

## Áhugaverð erindi voru flutt á fundinum:

- **Agni Ásgeirsson**, formaður áhættunefndar LL, og **Ásta Ásgeirs dóttir**, sérfræðingur hjá LL, kynntu málefni fundarins og fóru yfir breytingar á alþjóðlegu vaxtaumhverfi og hækkandi lífaldur og áhrif þessara þátta á lífeyrissjóðina.
- **Ásta Ásgeirs dóttir**, sérfræðingur hjá LL, sagði frá reiknilíkani sem danskir lífeyrissjóðir nota við útreikninga lífeyrisskuldbindinga og innleiðingu Solvency II í Danmörku.
- **Sævarður Einarsson** og **Úlfar Freyr Stefánsson**, sérfræðingar á áhættusviði Arion banka, kynntu áhættulíkan bankans.
- **Ragnheiður Helga Haraldsdóttir**, sérfræðingur á áhættusviði Brúar, fór yfir reiknilíkana sem er í þróun hjá Brú lífeyrissjóði.

- Fulltrúar frá FÍT, **Bjarni Guðmundsson** og **Björn Bennewitz**, fóru yfir breyttar lífslíkur og spá um áframhaldandi hækjun lífaldurs.
- **Kistrún Frostadóttir**, aðalhagfræðingur Kviku banka, flutti erindi um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.
- **Stefán Broddi Guðjónsson**, sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Arion banka, ræddi um framtíðarhorfur í vaxtamálum og hvort búast mætti við áframhaldandi lágvaxtaskeiði.
- **Ólafur Sigurðsson**, formaður fastanefndar LL um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða, fjallaði um lagaumhverfi lífeyrissjóðanna.

## Myndir frá stefnumótunarfundi




Vilhjálmur Egilsson, fundarstjóri.



Agni Ásgeirsson, formaður áhættunefndar LL.



Ragnheiður Helga Haraldsdóttir, sérfræðingur á áhættusviði Brúar lífeyrissjóðs.



Ólafur Sigurðsson, formaður nefndar LL um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.



Ásta Ásgeirsdóttir, sérfræðingur hjá LL.



Björn Bennewitz og Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur.

# Starfsnefndir Landssamtaka lífeyrissjóða

## ÁHÆTTUNEFDN

### Helstu verkefni:

- Koma faglegum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri í tengslum við breytingar á lögum og reglum er varða eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.
- Huga að forsendum fyrir tryggingafræðilegum úttektum lífeyrissjóða, eftir atvikum í samstarfi við réttindanefnd.
- Skipuleggja málstofur, námskeið og fræðslu.

### Sérstök verkefni 2020-2021:

- Rýna framkvæmd úttektar á tryggingarfræðilegri stöðu lífeyrissjóða.
- Fylgjast með þeim þáttum sem hafa áhrif á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða, s.s. örorkulíkum og breytingum á líflíkum. Verkefnið er jafnframt á borði réttindanefndar.
- Leggja drög að leiðbeiningum/verkferlum fyrir lífeyrissjóði við greiningu og viðbrögð vegna mögulegs peningaþvættis og/eða fjármögnunar hryðjuverka.

Öllum sem sinna áhættueftirliti innan sjóðanna er velkomíð að taka þátt í störfum nefndarinnar.

Á starfsárinu sátu þessi fundi nefndarinnar:

**Agni Ásgairsson**, formaður, LSR

**Árni Grétarsson**, Lífsverki

**Borghildur Jónsdóttir**, Lífeyrissjóði bænda

**Eyrún Einarsdóttir**, Birtu lífeyrissjóði

**Guðmundur Stefán Steindórsson**, SL lífeyrissjóði

**Halldór Emil Sigtryggsson**, Lífeyrissjóði bankamanna

**Haukur Jónsson**, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja

**Hólmfríður Kristjánsdóttir**, Íslenska lífeyrissjóðnum og LTFÍ

**Ingi Kristinn Pálsson**, Brú lífeyrissjóði

**Magnús Helgason**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

**Ottó Hólm Reynisson**, Stapa lífeyrissjóði og LSA

**Rebekka Ólafsdóttir**, Gildi – lífeyrissjóði

**Sigurður Örn Karlsson**, Almenna lífeyrissjóðnum

**Valgeir Geirsson**, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, Lífeyrissjóði Rangæringa og LSBÍ

**Þráinn Guðbjörnsson**, Festu lífeyrissjóði


### Covid-19 og aðgerðir sjóða

Nefndin hefur fjallað um aðgerðir vegna Covid-19 faraldursins og áhrifin af aðgerðum stjórnvalda. Á vormánuðum fóru stjórnvöld af stað með aðgerðaáætlun til að bregðast við efnahagslegum afleiðingum faraldursins og meðal aðgerða þá var sérstök heimild til úttektar á viðbótarlífeyrissparnaði. Í áhættunefnd var fjallað um hversu vel sjóðirnir væru í stakk búin til að hefja útgreiðslur ef mikill fjöldi fólks ákvæði að taka út séreign sína á sama tíma. Var ákveðið að taka saman gögn fyrir alla sjóðina til að meta mögulega heildarupphæð úttektar.

Einnig fjallaði nefndin um aðgerðir sjóðanna sjálfrá vegna Covid-19. Til að tryggja að ekki yrði truflun á starfsemi gripu margir sjóðir til þess ráðs að loka skrifstofum gagnvart almenningi og færa samskipti yfir á rafrænt form og í síma. Jafnframt gripu margir sjóðir til sérstakra úrræða til að koma til móts við sjóðfélaga sem lento í tímabundnum greiðsluerfiðleikum með sjóðfélagalán.



## Séreignarsparnaður • Sérstök útgreiðsluheimild



## Áhættumat og tryggingafræðileg staða

Áhættunefnd hefur rætt hvernig sjóðirnir vinni eigið áhættumat og hvernig nýta megi sérfræðilekkingu tryggingastærðfræðinga sjóðanna til að þróa það

áfram. Umræðan hefur bæði tengst breytingum á lífslíkum og því hver eðlileg viðmiðunarávöxtun sjóðanna sé í núverandi vaxtaumhverfi.

Fjallað hefur verið um hámark erlendra eigna sjóðanna og hvernig samþland af sveiflum íslensku krónunnar og á erlendum mörkuðum geti haft í för með sér stórar eignasveiflur á erlendum hluta eigna sjóðanna.

## Lífslíkur

Lífslíkur hafa farið hækkandi mörg undanfarin ár og þegar nýjar lífslíknatöflur eru unnar af tryggingastærðfræðingum hefur það jafnan haft í för með sér að endurreikna þarf réttindi sjófélaga og meta áhrifin á stöðu sjóðanna.

Á fundi áhættunefndar í október 2020 flutti sérfræðingur Hagstofunnar, Violeta Calian, erindi og sagði frá líkani Hagstofunnar fyrir mannfjöldabróun. Í líkaninu er meðal annars tekið til breytinga á lífslíkum og sagði Violeta frá þeiri vinnu sem þar hefur farið fram og hvaða þættir eru teknir inn í framtíðarmat á lífslíkum karla og kvenna á Íslandi.



## Aðgerðir gegn peningaþvætti og PEP listar

Á árinu hefur nefndin haft á sínu borði mállefni sem tengjast löggjöf um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í október 2020 komst Ísland af gráum lista FATF yfir ríki sem ekki eru talin hafa nægar varnir gegn peningaþvætti og er það mjög jákvæður viðsnúningur. Sjóðirnir hafa þó haldið áfram þeirri vinnu sem var hafin við að bæta áhættumat vegna þessa málaflokks.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands gaf á árinu út lista yfir starfsheiti sem teljast til háttsettra opinberra embætta (PEP listi) og innan áhættunefndar hefur verið umræða um hvernig hægt sé að koma PEP listum í aðgengilegra form fyrir sjóðina. Nokkrir íslenskir aðilar eru að vinna að tæknilausn til að gera PEP listana aðgengilega fyrir stofnanir og fyrirtæki hér á landi.



# NEFND UM FJÁRFESTINGARUMHVERFI LÍFEYRISSJÓÐA

## Helstu verkefni

- Koma faglegum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri í tengslum við breytingar á lögum og reglum er varða fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.
- Skipuleggja málstofur, námskeið og fræðslu.

## Sérstök verkefni 2020-2021:

- Huga að innleiðingu á reglum um ábyrg fjárfestingarsjónarmið (UFS).
- Skipuleggja fræðslu og/eða eftir atvikum málþing um málefni er varða starfssvið nefndarinnar.
- Leggja drög að starfsreglum nefndarinnar.
- Rýna núverandi fjárfestingarumhverfi sjóðanna og þær áskoranir sem fylgja lækkandi vaxtastigi.

Nefndarmenn:

**Ólafur Sigurðsson**, formaður, Birtu lífeyrissjóði  
**Arne Vagn Olsen**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
**Björn Hjaltested Gunnarsson**, LSR  
**Davið Rúdólfsson**, Gildi – lífeyrissjóði  
**Elísabet Þórey Þórisdóttir**, LSR  
**Haraldur Yngvi Pétursson**, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

**Helga Indriðadóttir**, Almenna lífeyrissjóðnum

**Jóhann Steinar Jóhannsson**, Stapa lífeyrissjóði

**Jón L. Árnason**, Lífsverki

**Jón Otti Jónsson**, SL lífeyrissjóði

**Soffía Gunnarsdóttir**, Birtu lífeyrissjóði

**Svandís Rún Ríkharðsdóttir**, Brú lífeyrissjóði

**Tómas N. Möller**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Nefndin fundar mánaðarlega og oftar þegar þurfa þykir. Mörg og viðamikil mál hafa verið á dagskrá nefndarinnar á starfsárinu.

**Umsagnir um lagafrumvörp,**

**þingsályktunartillögur o.fl.**

Nokkuð hefur verið um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur á árinu þar sem nefndarmenn hafa komið að því að rýna hvort tilefni sé til að koma ábendingum á framfæri. Í slíkum tilvikum þarf að bregðast hratt við og hafa nefndarmenn sýnt mikla fagmennsku og komið að málum oft á tíðum með afar skömmum fyrirvara. Þar má nefna frumvarp til breytinga á fjárfestingarheimildurm lífeyrissjóða þar sem fjárfestingarheimildum sjóðanna var breytt og aukinn réttur til kaupréttar og áskriftarréttar í félögum. Sú lagabreyting tengdist hlutafjárútboði

Icelandair. LL skiluðu jafnframt umsögn um breytingar á lögum um fasteignalán til neytenda og lögum um nauðungarsölu. Einnig vann nefndin að umsögn um þingsályktunartillögum um takmarkanir á fjárfestingu í vinnslu jarðefnaeldsneytis. Fulltrúar nefndarinnar mættu í nokkur skipti fyrir þingnefndir þegar svo bar undir, s.s. þegar beiðni barst frá fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptaneftnd vegna umræðu um greinargerð fjármála- og efnahagsráðherra vegna sölu á hlutum ríksins í Íslandsbanka og fyrir fund í allsherjar- og menntamálanefnd í mars þegar framlengd var heimild fyrirtækja til tímabundinna heimilda til fjárhagslegrar endurskipulagningar skv. lögum nr. 57/2020.

## Fjöldi undirhópa

Þegar á fyrsta fundi starfsársins var ákveðið að nefndarmenn myndu rýna ákveðin afmörkuð efni er varða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Skiptu nefndarmenn með sér verkum og vann nefndin því með afar skipulögðum hætti að rýni og greiningu á afmörkuðum þáttum. Eftir atvikum var leitað til annarra starfandi sérfræðinga innan sjóðanna.



Þar má nefna eftirfarandi hópa:

Mótaðilaáhætta:

- **Helga Indriðadóttir**, Almenna lífeyrissjóðnum, leiðir hópinn
- **Elísabet Þórey Þórisdóttir**, LSR
- **Helgi Pétur Magnússon**, Almenna lífeyrissjóðnum
- **Soffía Gunnarsdóttir**, Birtu lífeyrissjóði
- **Svandís Rún Ríkarðsdóttir**, Brú lífeyrissjóði

Lög og reglur um fjárfestingarstarfsemi íslenskra lífeyrissjóða og greining á samræmi þeirra við alþjóðleg viðmið sett fram af OECD:

- **Tómas N. Möller**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna, leiðir hópinn
- **Ólafur Sigurðsson**, Birtu lífeyrissjóði

Afleiður:

- **Davíð Rúdólfsson**, Gildi – lífeyrissjóði, leiðir hópinn
- **Árni Hrafn Gunnarsson**, Gildi – lífeyrissjóði
- **Jóhann Steinar Jóhannesson**, Stapa lífeyrissjóði
- **Jón L. Árnason**, Lífsverki

Gjaldeyrismarkaðurinn og heimildir lífeyrissjóða til erlendra fjárfestinga (unnið í samstarfi við fulltrúa í áhættunefnd):

- **Ólafur Sigurðsson**, Birtu lífeyrissjóði, leiðir hópinn
- **Björn Hjaltested Gunnarsson**, LSR
- **Haraldur Yngvi Pétursson**, Frjálsa lífeyrissjóðum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga
- **Jón Otti Jónsson**, SL lífeyrissjóði
- **Soffía Gunnarsdóttir**, Birtu lífeyrissjóði

Innlausnar- og yfirtökuskylda:

- **Davíð Rúdólfsson**, Gildi – lífeyrissjóði, leiðir hópinn
- **Björn Hjaltested Gunnarsson**, LSR
- **Ólafur Sigurðsson**, Birtu lífeyrissjóði
- **Tómas N. Möller**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Stjórnvöld kynntu á haustmánuðum að til stæði að vinna að grænbók um lífeyrismál og má ætla að rýni og vinna nefndarinnar að hinum ýmsu málefnum muni nýtast í þeirri vinnu.

### Aðkoma lífeyrissjóða að fjárfestingum í innviðum

Nokkur umræða hefur verið undanfarin ár um það hvort og þá með hvaða hætti væri unnt að auka aðkomu lífeyrissjóða að fjárfestingum í innviðum. Fundað var með fjámálaráðherra 12. janúar og í framhaldi þess samtals ákvað stjórn LL að fela nefndinni að rýna með hvaða hætti aðkomu lífeyrissjóða að innviðafjárfestingum gæti verið háttáð. Fulltrúar í nefndinni unnu að ítarlegri greiningu á málinu og mætti formaður hennar fyrir stjórn þann 16. febrúar og kynnti skýrslu sem þá var í drögum um málið. Nú stendur til að yfirara drögin og birta svo skýrsluna svo að hún geti komið að sem mestu gagni.

### Sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar


Undanfarin ár hefur áhersla aukist verulega á sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar. Í mars var haldinn fundur með fulltrúum frá Climate Investment Coalition en þann fund sátu á vegum LL, framkvæmdastjóri, formaður nefndarinnar og Tómas N. Möller. Eftir fundinn kom boð um að halda vinnustofu og var málið rætt á vegum nefndarmanna sem voru sammála um að LL ætti að taka vel í erindið.



## Framsetning ófjárhagslegra upplýsinga

Á árinu barst erindi frá Staðlaráði þar sem óskað var eftir aðkomu fulltrúa LL að gerð vinnustofusamþykktar vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um ófjárhagslegar upplýsingar. Fulltrúi LL í þeiri vinnu var Ólafur Sigurðsson, formaður nefndarinnar.

## Eignir lífeyrissjóða



## Erlendar eignir lífeyrissjóða • Hlutfall af heildareignum



## RÉTTINDANEFND

### Helstu verkefni:


- Fara yfir og hafa frumkvæði að breytingum á lögum og reglum um tryggingafræðileg uppgjör og réttindabreytingar.
- Beita sér fyrir stefnumörkun um framtíðarskipan lífeyrissgreiðslna og verkaskiptingu lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar ríkisins.
- Huga að samræmdum reglum og vinnulagi milli lífeyrissjóða þar sem þess gerist þörf, s.s. með setningu leiðbeinandi reglna.

### Sérstök verkefni 2020-2021:

- Beita sér fyrir mótnun á framtíðarsýn varðandi sampil greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða, bæði hvað varðar tekjutengingar ellilífeyris og víxlverkanir á greiðslum örorkulífeyris.

- Fara yfir og eftir atvikum samræma verklag milli lífeyrissjóða við beitingu á bráðabirgðaákvæði XI. í lögum nr. 129/1997.
- Huga að samræmdu verklagi við meðhöndlun örorkumála eftir því sem unnt er. Ljúka samningu nýrra draga að uppfærðu Samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða. Í þessu samhengi m.a.:
  - Fara yfir og samræma umsóknareyðublöð örorkulífeyris og meta umboð sem sjóðfélagar veita sjóðunum til gagnaöflunar.
  - Leggja drög að sameiginlegum verklagsreglum við gerð örorkumats og í því sambandi m.a. að meta með hvaða hætti starfsemi VIRK getur nýst lífeyrissjóðum við vinnslu örorkuumssókna.
- Kortleggja framkvæmd tekjueftirlits með örorkulífeyrissgreiðslum og huga að samræmingu í þeim efnum.
- Fylgjast með þeim þáttum sem áhrif hafa á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða, s.s. örorkulíkum og breytingum á lífslíkum. Verkefnið er jafnframt á borði áhættunefndar.
- Leggja drög að úrskurðarnefnd sem hefur það hlutverk að úrskurða um réttarstöðu sjóðfélaga þegar þeir eru ósáttir við afgreiðslu sinna mála.
- Kortleggja mál sem varða réttindi aðila sem búa erlendis og eiga réttindi hér á landi og gera aðgerðaáætlun út frá þeim málum sem þarfust úrbóta.
- Fylgjast með og styðja við uppfærslu á Lífeyrissgáttinni. Verkefni þetta er jafnframt á vegum fræðslunefndar.





Mynd af TEAMS-fundi nefndarinnar í maí 2021.

Nefndarmenn:

**Bóra Jónsdóttir**, formaður, Brú lífeyrissjóði  
**Árni Hrafn Gunnarsson**, Gildi – lífeyrissjóði  
**Berglind Guðmundsdóttir**, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga  
**Einar Ingimundarson**, Stapa lífeyrissjóði  
**Haukur Jónsson**, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja  
**Helgi Pétur Magnússon**, Almenna lífeyrissjóðnum  
**Jóna Finndís Jónsdóttir**, Stapa lífeyrissjóði  
**Kristján Geir Pétursson**, Birtu lífeyrissjóði  
**Margrét Kristinsdóttir**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

**Ólafur Páll Gunnarsson**, Íslenska lífeyrissjóðnum og LTFI  
**Ólafur K. Ólafs**, Lífeyrissjóði bænda  
**Sigfús Eysteinsson**, Festu lífeyrissjóði  
**Sigríður Ómarsdóttir**, Almenna lífeyrissjóðnum  
**Sigþrúður Jónasdóttir**, Birtu lífeyrissjóði  
**Tómas N. Möller**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
**Vala Rebekka Þorsteinsdóttir**, LSR

Verkefni réttindanefndar eru mörg og umfangsmikil og snúa meðal annars að sameiginlegum málefnum sjóðanna, samspili við almannatryggingar og framtíðarþróun réttindakerfisins.

Vegna fjölda verkefna hafa verið stofnaðir fjölmargir vinnuhópar undir réttindanefnd til að halda utan um og tryggja framgang mismunandi verkefna. Var ákveðið að fækka fundum nefndarinnar á árinu og að nýta fundina til að fá skýrslu hjá undirhópum um stöðu verkefna. Nefndin hélt 5 fundi á árinu.

## Helstu verkefni á árinu

### Samkomulag um samskipti lífeyrissjóða

Samkomulag um samskipti lífeyrissjóða hefur lengi verið í endurskoðun en nú sér fyrir endann á þeirri vinnu. Mörg önnur verkefni réttindanefndar tengast uppfærslunni á Samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða og er unnið að þeim samhliða.

Í vinnuhópi um endurskoðun samkomulagsins sitja:

**Sigþrúður Jónasdóttir**, formaður, Birtu lífeyrissjóði  
**Anna Björk Sigurðardóttir**, LSR  
**Einar Ingimundarson**, Stapa lífeyrissjóði  
**Magrét Kristinsdóttir**, Lífeyrissjóði  
verzlunarmana  
**Matthildur Hermannsdóttir**, Greiðslustofu lífeyrissjóða  
**Sigurlaug Waage**, SL lífeyrissjóði  
**Vala Rebekka Þorsteinsdóttir**, LSR  
**Þóra Jónsdóttir**, Brú lífeyrissjóði  
**Örn Guðnason**, Gildi – lífeyrissjóði  
**Þórey S. Þórðardóttir**, LL

#### Tekjueftirlit örorkulífeyris

Vinnuhópur hefur unnið að því að kortleggja núverandi framkvæmd við tekjueftirlit. Send var könnun á alla sjóðina á síðasta starfsári um framkvæmdina hjá þeim og hefur hópurinn unnið að því að greina niðurstöðurnar og koma með tillögur að úrbótum.

Hópinn skipa:

**Jóna Finndís Jónsdóttir**, formaður, Stapa lífeyrissjóði  
**Einar Ingimundarson**, Stapa lífeyrissjóði  
**Magrét Kristinsdóttir**, Lífeyrissjóði  
verzlunarmana

**Matthildur Hermannsdóttir**, Greiðslustofu lífeyrissjóða  
**Sólveig Hjaltadóttir**, LL  
**Vala Rebekka Þorsteinsdóttir**, LSR

#### Víxlverkun – breytt framkvæmd

Hópur á vegum LL vann minnisblað um bráðabirgðaákvæði laga um víxlverkun örorkulífeyris frá lífeyrissjóðum og TR. Andri Árnason hjá Juris lögmannsstofu var fenginn til að vinna lögfræðiálit um víxlverkunarákvæðið og naut hann aðstoðar Bjarna Guðmundssonar tryggingastærðfræðings og Matthildar Hermannsdóttur hjá Greiðslustofu lífeyrissjóða við mat á áhrifum breytinga. Í framhaldinu fóru sjóðirnir að vinna að því að breyta framkvæmdinni til samræmis við niðurstöður álitsins.

Hópinn skipa:

**Jóna Finndís Jónsdóttir**, formaður, Stapa lífeyrissjóði  
**Magrét Kristinsdóttir**, Lífeyrissjóði  
verzlunarmana  
**Þóra Jónsdóttir**, Brú lífeyrissjóði

#### Örorkuumsóknir

Í tengslum við endurskoðun á Samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða var settur á laggirnar

vinnuhópur sem lagði drög að sameiginlegu umsóknareyðublaði um örorkulífeyrir fyrir alla sjóði. Vinnuhópurinn hefur áfram hlutverk og hefur komið að uppfærslu eyðublaðsins í samstarfi við trúnaðarlækna sjóðanna. Í þessu sambandi er jafnframt mikilvægt að tryggja að það umboð sem sjóðfélagar veita sé fullnægjandi, því að í tengslum við afgreiðslu örorkumála þarf að afla upplýsinga víða, s.s. innbyrðis milli lífeyrissjóða, til Skattsins, TR og VIRK.

Hópinn skipa:

**Sigþrúður Jónasdóttir**, formaður, Birtu lífeyrissjóði  
**Anna Björk Sigurðardóttir**, LSR  
**Bryndís Reynisdóttir**, Brú lífeyrissjóði  
**Jóney Gylfadóttir**, Lífeyrissjóði verzlunarmana  
**Matthildur Hermannsdóttir**, Greiðslustofu lífeyrissjóða

#### Verklag við meðhöndlun örorkumála

Vinnuhópur var settur saman til að kortleggja og yfirfara allt verklag við meðhöndlun örorkumála. Málefnið er umfangsmikið og er ætlunin að rýna og koma með tillögur að ferli þegar sjóðfélagar eru ósáttir við niðurstöðu örorkumats. Einnig hefur hópurinn það hlutverk að fara yfir reglur um mat á orkutapi í samstarfi við trúnaðarlækna sjóðanna og fulltrúa VIRK.



Hópinn skipa:

**Rakel Lind Hauksdóttir**, formaður, LL

**Helga Lára Hauksdóttir**, Lífeyrissjóði  
verzlunarmanna

**Helgi Pétur Magnússon**, Almenna lífeyrissjóðinum

**Kristján Geir Pétursson**, Brú lífeyrissjóði

**Sigurbjörn Sigurbjörnsson**, SL lífeyrissjóði

**Þórey S. Þórðardóttir**, LL

Þar sem málið er umfangsmikið ákvað hópurinn að skipta með sér verkum og voru því skipaðir tveir undirhópar, annars vegar vinnuhópur sem hefur það hlutverk að kortleggja núverandi verklag þegar sjóðfélagar eru ósáttir við niðurstöðu örorkumats og benda á þá þætti sem mikilvægt sé að líta til og hins vegar hópur sem setti fram tillögur að reglum við mat á orkutapi, þ.e. gerð örorkumats. Vinna starfshópsins kallar á mikid samstarf við trúnaðarlækna og hefur Július Valsson tekið það að sér að vera tengiliður þeirra eftir því sem þurfa þykir hverju sinni.

Vinnuhópur um verklag þegar sjóðfélagar eru ósáttir við niðurstöðu örorkumats:

**Helgi Pétur Magnússon**, formaður

**Helga Lára Hauksdóttir**

**Sigurbjörn Sigurbjörnsson**

Hópurinn skilaði af sér afar vönduðu minnisblaði 14. apríl sl.

Mat á orkutapi/framkvæmd örorkumats:

**Rakel Lind Hauksdóttir**, formaður

**Helga Lára Hauksdóttir**

**Kristján Geir Pétursson**

**Guðmundur Björnsson**, trúnaðarlæknir

**Július Valsson**, trúnaðarlæknir

### Þróunarráð VIRK

Í tengslum við fyrrgreinda vinnu við rýni á verklagi við mat á orkutapi er mikilvægt að greina þá þætti í starfsemi VIRK sem geta gagnast við mat á orkutapi sjóðfélaga. Landssamtök lífeyrissjóða hafa á árinu verið í nánu og góðu samstarfi við VIRK og trúnaðarlækna sjóðanna við þessa rýni.

Haldinn var fjölmennur kynningarfundur 2. mars um gagnakerfi VIRK með trúnaðarlæknunum og starfsmönnum sem koma að afgreiðslu lífeyrismála. Fundurinn var hugsaður til að fá innsýn í þá ferla og þær upplýsingar sem eru hjá VIRK og gætu nýst lífeyrissjóðum við vinnslu örorkumála. Jafnframt að huga að því hvort og þá hvenær upplýsingar og gögn væru send frá lífeyrissjóðum til VIRK. Eftir fundinn lá fyrir að verklagi innan lífeyrissjóða og milli trúnaðarlækna var hagað á ólíkan hátt. Því var ákveðið að

setja af stað hóp sem legði drög að æskilegu verkferli, einkum er varðar öll gagnasamskipti milli lífeyrissjóða og VIRK. Í þessari vinnu eru fulltrúar lífeyrissjóða, trúnaðarlækna og VIRK.

Í starfshópnum eru:

**Ingibjörg Loftsdóttir**, VIRK

**Margrét Kristinsdóttir**, Lífeyrissjóði  
verzlunarmanna

**Sigþrúður Jónasdóttir**, Birtu lífeyrissjóði

**Július Valsson**, trúnaðarlæknir

**Þórey S. Þórðardóttir**, LL



## Úrskurðarnefnd um lífeyrisréttindi

Til athugunar hefur verið hvort þörf sé fyrir úrskurðarnefnd um lífeyrisréttindi sem sjóðfélagar geti leitað til séu þeir ósáttir við afgreiðslu sinna mála. Nú er unnið að kortlagningu á verkferli innan sjóðanna þegar sú staða kemur upp að sjóðfélagar séu ósáttir við örorkumat og vilji endurskoðun sinna mála. Vinnuhópurinn taldi því rétt að þeirri vinnu yrði lokið áður en hugað yrði að því hvort þörf sé fyrir sérstaka úrskurðarnefnd um lífeyrisréttindi.

Hópinn skipa:

**Helgi Pétur Magnússon**, formaður,

Almenna lífeyrissjóðnum

**Árni Hrafn Gunnarsson**, Gildi – lífeyrissjóði

**Kristján Geir Pétursson**, Birtu lífeyrissjóði

**Þórey S. Þórðardóttir**, LL

## Persónuverndarmál

Persónuverndarhópurinn hefur á árinu fjallað um málefni tengd varðveislu gagna hjá sjóðunum og reglur fyrir starfsmenn varðandi meðferð persónuupplýsinga.

Hópinn skipa:

**Rebekka Ólafsdóttir**, formaður, Gildi – lífeyrissjóði

**Ásta Ásgeirs dóttir**, LL

**Einar Ingimundarson**, Stapa lífeyrissjóði

**Helgi Pétur Magnússon**, Almenna lífeyrissjóðnum

**Vala Rebekka Þorsteinsdóttir**, LSR

**Þór Egilsson**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Hópinn skipa:

**Ásta Ásgeirs dóttir**, verkstjóri, LL

**Dís Þórgíður Jónsdóttir**, LSR

**Gerður Björk Guðjónsdóttir**, Lífeyrissjóði

verzlunarmanna

**Guðný Jónsdóttir**, Brú lífeyrissjóði

**Hjörtur Smári Vestfjörð**, Frálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

**Ragnheiður Jónasdóttir**, Gildi – lífeyrissjóði

## Örugg gagnasamskipti – Stafrænt Ísland

Innan LL hefur verið unnið að því að kortleggja gagnasamskipti stofnana og lagheimildir þar að lútandi. Er ætlunin að meta leiðir til að bæta öryggi og skilvirkni í gagnasamskiptum sjóðanna innbyrðis og við stofnanir, s.s. Skattinn og TR. Stöðugt er leitað leiða til að bæta aðgengi sjóðfélaga að upplýsingum og að tryggja öruggt og skilvirktt upplýsingaflæði milli stofnana.

Í tengslum við umboð sem sjóðfélagar veita sjóðunum til gagnaöflunar hafa fulltrúar LL verið í samskiptum við fulltrúa Stafræns Íslands. Vonir standa til að í framtíðinni verði þróuð lausn sem færir umboð á rafrænt form sem verði aðgengilegt fyrir sjóðfélaga í gegnum heimasíðu Ísland.is.



## Lífeyrisgáttin

Hópur innan LL hefur unnið að áframhaldandi þróun Lífeyrisgáttarinnar. Núverandi lausn var tekin í notkun árið 2013 og hefur reynst afar vel. Með uppfærslu Lífeyrisgáttarinnar er stefnt að því að sjóðfélagar geti fengið enn ítarlegri upplýsingar um réttindi í samtryggingarsjóðum ásamt því að bæta við upplýsingum um séreign og viðbótarlífeyrissparnað.

Vinnuhópur innan LL hefur bæði unnið að kröfulýsingu fyrir nýja útgáfu Lífeyrisgáttarinnar og mati á tæknilegu flækjustigi verkefnisins. Hópurinn hefur unnið í nánu samstarfi við tæknimenn mismunandi lífeyriskerfa.

Hópinn skipa:

**Bórey S. Þórðardóttir**, formaður, LL

**Ásta Ásgeirs dóttir**, LL

**Margrét Kristinsdóttir**, Lífeyrissjóði  
verzlunarmanna

**Vala Rebekka Þorsteinsdóttir**, LSR

Gagnasendingar milli sjóða fara í gegnum **Signet Transfer** og sama kerfi er einnig notað fyrir

gagnasendingar milli sjóðanna og TR. Hópur á vegum LL hefur unnið að uppfærslu ferla og reglna í tengslum við gagnasendingar með Signet transfer og voru nýjar leiðbeiningar kynntar fyrir sjóðunum í upphafi árs 2021.

Hópinn skipa:

**Sara J. Stefánsdóttir**, formaður, Greiðslustofu  
lífeyrissjóða

**Ásta Ásgeirs dóttir**, LL

**Kristíanna Jessen**, LSR

**Sigrún Þ. Björnsdóttir**, Birtu lífeyrissjóði

**Sverrir Reynisson**, Gildi – lífeyrissjóði.

## Réttindi erlendra sjóðfélaga

Vinnuhópur innan LL hefur undanfarið unnið að því að kortleggja málezni tengd útlendingum sem vinna tímabundið hér á landi og sjóðfélögum sem flytjast erlendis. Mikil fjölgun hefur verið í þessum hópum undanfarin ár og því er mikilvægt að huga sérstaklega að réttindum þessara sjóðfélaga og skyldum sjóðanna gagnvart þeim.

Á árinu vann vinnuhópurinn að því að sjóðirnir fengju heimild til að óska eftir kerfiskennitölum fyrir erlenda lífeyrisþega og voru nýjar leiðbeiningar sendar frá Þjóðskrá á vormánuðum 2021 sem heimiluðu sjóðunum það. Einnig hefur hópurinn sent spurningalista til sjóðanna um greiðslur til einstaklinga sem eru búsettir erlendis með það í huga að kortleggja núverandi framkvæmd.

Hópurinn hefur skoðað hvernig bæta megi upplýsingagjöf til þessara sjóðfélagahópa og haldir hafa verið fundir með Þjóðskrá og TR til að fara yfir málaflokkinn.

Hópinn skipa:

**Ásta Ásgeirs dóttir**, formaður, LL

**Berglind Guðmundsdóttir**, Frjálsa lífeyrissjóðnum,  
EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

**Jóna Finndís Jónsdóttir**, Stapa lífeyrissjóði

**Margrét Sigurbjörnsdóttir**, Íslenska  
lífeyrissjóðnum og LTFÍ

**Sigþrúður Jónasdóttir**, Birtu lífeyrissjóði  
**Sólveig Hjaltadóttir**, LL

## Endurgreiðsla iðgjalda við flutning úr landi

Við flutning einstaklinga úr landi er í einhverjum tilfellum heimilt að endurgreiða iðgjöld. Núverandi verklag er ólíkt milli sjóða og ekki nýta allir sjóðir heimild til endurgreiðslu. Rætt hefur verið um að hagræði væri að því að samræma verklag milli sjóða varðandi endurgreiðslu iðgjalda. Hópur innan LL hefur rýnt verklagið og er stefnt að því að koma með tillögur í framhaldinu.

Hópurinn um réttindi erlendra sjóðfélaga kom að þessari vinnu en eftirfarandi hópur vann minnisblað um endurgreiðslu iðgjalda:

**Árni Hrafn Gunnarsson**, Gildi – lífeyrissjóði


**Einar Ingimundarson**, Stapa lífeyrissjóði

**Jóna Finndís Jónsdóttir**, Stapa lífeyrissjóði

**Vala Rebekka Þorsteinsdóttir**, LSR



## Vinnumarkaður ▪ Fjöldi starfandi



## Séreignarlífeyrir og skipting ellilífeyris

Núverandi reglur um séreign hjá lífeyrissjóðum eru frá árinu 1997 og margt hefur breyst í umhverfi sjóðanna síðan þá. Hópur innan LL hefur undanfarið unnið að því að skoða núverandi regluverk og meta hvaða þættir þarfust nánari skýringa og hvaða þáttum væri vert að breyta. Einnig hefur hópurinn unnið að því að rýna ákveðna þætti sem gagnlegt er til að marka framtíðarstefnu fyrir þessa tegund lífeyris. Þessi vinna mun að öllum líkindum nýtast vel við grænbókarvinnu sem hófst á vormánuðum innan LL.

## Hópinn skipa:

- Tómas N. Möller**, formaður,  
Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
**Berglind Guðmundsdóttir**, Frjálsa lífeyrissjóðnum,  
EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga  
**Helgi Pétur Magnússon**, Almenna lífeyrissjóðnum  
**Ólafur Páll Gunnarsson**, Íslenska lífeyrissjóðnum  
og LTFÍ  
**Sigrún Þóra Björnsdóttir**, Birtu lífeyrissjóði  
**Vala Rebekka Þorsteinsdóttir**, LSR  
**Þórey S. Þórðardóttir**, LL

## Grænbók

Stjórnvöld hafa lýst því yfir að til standi að fara í heildarendurskoðun á lífeyrissjóðalöggjöfinni og vinna grænbók um lífeyrismál. Enn sem komið er hefur ekki verið settur á laggirnar starfshópur um grænbók á vegum stjórnvalda en á vegum LL er eigi að síður hafin undirbúningsvinna. Stefán Halldórsson tók að sér að stýra þeiri vinnu. Mörg þeirra verkefna sem réttindanefndin vinnur að tengjast beinlínis grænbókarvinnunni enda mikil þekking á réttindakerfi lífeyrissjóðanna og lagaumhverfi til staðar meðal nefndarmanna. Nánar er fjallað um grænbók um lífeyrismál í kaflanum um framtíð lífeyrissjóðakerfisins.





# SAMSKIPTANEFND

## Helstu verkefni

- Móta stefnu í sameiginlegum kynningarmálum um lífeyrissjóðina.
- Annast samskipti við fjölmíðla og fjölmíðlavöktun.

## Sérstök verkefni 2020-2021

- Efla skipuleg almannatengsl á vegum LL.
- Fylgjast með og styðja við vinnu greinaskrifateymis.
- Styðja við hagtöluhóp og auknar áherslur á framsetningu talnagagna.
- Rýna reglulega hvaða upplýsingum sjóðirnir eigi að koma á framfæri, t.d. með útsendingu fréttabréfa LL.

Nefndarmenn:

**Guðrún Hafsteinsdóttir**, formaður, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
**Aðalbjörn Sigurðsson**, Gildi – lífeyrissjóði  
**Árni Guðmundsson**, Gildi – lífeyrissjóði  
**Erla Jónsdóttir**, Stapa lífeyrissjóði  
**Gunnar Baldvinsson**, Almenna lífeyrissjóðnum  
**Halldóra Káradóttir**, Brú lífeyrissjóði  
**Harpa Jónsdóttir**, LSR  
**Hilmar Harðarson**, Birtu lífeyrissjóði  
**Svanhildur Sigurðardóttir**, Lífsverki

**Þórey S. Þórðardóttir**, LL

**Þórhallur B. Jósepsson**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

**Sólveig Hjaltadóttir**, verkefnastjóri hjá LL, starfaði einnig með nefndinni.

Í nefndinni eiga sæti 10 fulltrúar: fjórir stjórnarmenn, framkvæmdastjóri LL og fimm starfandi sérfræðingar hjá lífeyrissjóðum. Lögð hefur verið áhersla á að meðal nefndarmanna séu starfsmenn lífeyrissjóða sem koma að markaðs- og kynningarmálum. Nefndin fundaði 7 sinnum á árinu.

Samskiptanefnd starfar þvert á aðrar nefndir og vinnur náið með fræðslunefnd, enda talsverð skörun á verkefnum nefndanna. Á fundum er farið yfir fjölmíðlaumræðuna og helstu málefni líðandi stundar. Vakin er athygli á viðtölum og greinum sem varða lífeyrismál og metið hvort bregðast eigi við. Miðlað er upplýsingum er varða alla lífeyrissjóði og rætt um starfsumhverfi lífeyrissjóða. Einnig er upplýst um það helsta í fræðslumálum og fylgst með framvindu Lífeyrisvits sem er fræðsla til almennings sem hefur verið í móton hjá fræðslunefnd og starfsmönnum LL á starfsárinu.

Fjölmíðlaumræðan á árinu litaðist mikið af Covid-19 og aðgerðum stjórnlvalda til að bregðast við áhrifum heimsfaraldursins á efnahagslíf hér á landi. Einnig var þó nokkur umræða tengd loftlagsmálum, sjálfbærri þróun og grænum fjárfestingum og voru haldnir rafrænir viðburðir tengdir þessum málaflokkum.

## Hlutverk samskiptanefndar

Á fyrsta fundi nefndarinnar á starfsárinu var rætt um að tímabært væri að fara yfir hlutverk og markmið samskiptanefndar þar sem umhverfið hefði breyst talsvert frá því nefndin var sett á laggirnar. Ákveðið var að fara í stefnumótunarvinnu og í nóvember 2020 var haldinn rafrænn stefnumótunarfundur nefndarinnar undir stjórn Kristins Hjálmarssonar ráðgjafa hjá Notera. Í kjölfar fundarins var framkvæmdastjóra og formanni stjórnar falið að koma með tillögur að breytingum á hlutverki nefndarinnar.

## Ný samskiptastefna LL

Eftir stefnumótunarvinnu voru lagðar til breyttar áherslur í störfum nefndarinnar en hún mun þó áfram starfa samkvæmt skipunarbréfi. Ný samskiptastefna var samþykkt af stjórn LL í desember 2020 og var byrjað að starfa samkvæmt henni árið 2021.





Frá fjarfundi nefndarinnar í febrúar 2021.

### Helstu forsendur nýrrar samskiptastefnu voru eftifarandi:

- Ný samskiptastefna fyrir LL tekur mið af viðbragðsáætlun sem nefndin hafði starfað eftir um nokkurra ára skeið.
- Fundum nefndarinnar verður fækkað en sérfræðingar lífeyrissjóðanna kallaðir til eftir þörfum.
- Skýrara ferli vegna viðbragða við fjölmíðlaumræðu.
- Greinaskrifateymi starfar áfram en kallað verður eftir meiri stuðningi og samstarfi við fræðslunefnd.

## Helstu samskipta- og kynningarleiðir

### Sjóðfélagar

- Lífeyrismál.is
- Lífeyrisgáttin
- Fréttir
- Fræðsla - Lífeyrisvit
- Samfélagsmiðlar

### Fjölmíðlar, stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins

- Framkvæmdastjóri LL og stjórn LL
- Sérfræðingar hjá lífeyrissjóðum og LL

### Lífeyrissjóðir, starfsmenn og stjórnendur

- Nefndarstörf
- Námskeið og fræðsla
- Mánaðarpóstar
- Fréttir
- Ársskýrsla

### Lífeyrismál.is

Eitt af mikilvægustu hlutverkum LL er að annast fræðslu til sjóðfélaga og gegnir vefsíðan Lífeyrismál.is þar stóru hlutverki. Heimsóknir á vefsíðuna eru að meðaltali um 7.600 á mánuði og flestar heimsóknir eru fyrstu mánuði ársins. Vinsælustu síðurnar eru *Lífeyrisgáttin, Spurt og svarað* og *Allir lífeyrissjóðir*.

Frá því Ásta Ásgeirs dóttir hagfræðingur tók til starfa hjá LL hefur verið lögð aukin áhersla á birtingu talnaefnis á vefnum undir **Tölur og gögn** og hefur reglulega verið vakin athygli á

slíkum gögnum í fréttabréfum LL. Einnig eru nú aðgengilegar upplýsingar á ensku um hagtölur sem varða lífeyrissjóðakerfið. Á vefnum Lífeyrismál.is hafa einnig verið birtar upplýsingar um aðgerðir stjórnvalda og lífeyrissjóða vegna Covid-19, m.a. varðandi útgreiðslu séreignarsparnaðar og greiðslufrest húsnæðislána. Síðunni var jafnframt breytt lítillega á árinu í þeim tilgangi að gera fræðslumálum hærra undir höfði. Var bætt við nýjum flokki, **Fræðsla**, þar sem allt tengt málafloknum er að finna og þar sem hægt er að panta kynningu á Lífeyrisviti.

Á vefnum eru ítarlegar upplýsingar á þremur tungumálum undir **Spurt og svarað** og uppfærðar eftir þörfum. Fjöldi fyrirspurna berst til LL í gegnum vefinn og sjá starfsmenn um að svara þeim. Fyrirspurnir koma í auknum mæli frá sjóðfélögum búsettum erlendis, bæði Íslendingum og útlendingum sem eru að leita upplýsinga um áunnin réttindi sín hér á landi og vantart leiðbeiningar um hvernig best sé að nálgast þessi réttindi og nýta þau.



## Greinateymi

Hópur innan nefndarinnar hefur unnið að því að skrifa greinar um málefni sem tengjast lífeyrismálum. Í greinateymi eru Aðalbjörn Sigurðsson, Atli Rúnar Halldórsson, Svanhildur Sigurðardóttir og Þórhallur Jósepsson. Sólveig Hjaltadóttir hjá LL starfaði einnig með teymingu.

## Mánaðarpóstur LL

Áskrifendur mánaðarpósta frá LL eru starfsmenn lífeyrissjóða. Nú fá um 450 manns mánaðarpóstana. Á starfsárinu voru sendir út 20 mánaðarpóstar.

## Fréttabréf - Lífeyrismál

Áskrifendum fréttabréfs Lífeyrismál.is fjölgar ár frá ári og eru nú orðnir um fjögur þúsund. Í þeim hópi er að finna áskrifendur sem skrá sig sjálfir í gegnum vefinn, starfsmenn og stjórnarmenn lífeyrissjóða, stofnanir sem lífeyrissjóðir eiga í samskiptum við, samstarfsaðila, alþingismenn og fjölmíðla. Í fréttabréfinu eru birtar allar fréttatilkynningar LL til fjölmíðla og efni sem talið er eiga erindi við stjórvöld og almenning. Á starfsárinu voru send út 8 fréttabréf.



## Raunávöxtun lífeyrissjóða yfir 9% á árinu 2020

### Almanak

Eins og undanfarin ár gaf LL út almanak fyrir árið 2021 og var því dreift til starfsmanna lífeyrissjóða og stéttarfélaga fyrir jólin ásamt jólakveðju. Þema dagatalssins var að þessu sinni saga lífeyrissjóðanna sem er samofin kjarabaráttu í landinu síðustu áratugi. Atli Rúnar Halldórsson vann texta og myndskreytti í samstarfi við hönnuðinn Þórhall Kristjánsson hjá Effekt. Hér má sjá mynd úr almanakinu.

## Samfélagsmiðlar

LL birtir reglulega efni á Facebook síðu samtakanna Lífeyrismál.is. Þegar efni er birt er vísað til ítaréfnis á vefsíðunni Lífeyrismál.is. Fylgjendur Facebook síðu LL eru nú um þrjú þúsund manns. Stafræna auglýsingastofan Sahara, sem sérhæfir sig í stafrænum miðlum, hefur haft umsjón með uppfærslum á Facebook síðu samtakanna. Sahara hefur einnig framleitt myndbönd fyrir LL undanfarin ár. Nýjust eru myndbönd sem er ætlað að vekja athygli fólks á aldrinum 45+ á mikilvægi þess að undirbúa efri árin tímanlega og myndband fyrir fólk 25+ um ávinning af því að safna viðbótarlífeyrissparnaði og byrja nógu snemma að leggja fyrir.



Sjóðirnir eru margir með öflugar vefsíður og hafa sumir nýtt sér að streyma fundum og verið með hlaðvarp til þess að miðla fróðleik til sjóðfélaga þegar ekki hefur verið hægt að hitta fólk í eigin persónu.

### Fjármálavit

LL, ásamt Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF), eru aðili að fjármálalæsisverkefninu Fjármálaviti í efstu bekkjum grunnskóla. Nánar er gerð grein fyrir stöðu þess verkefnis í kaflanum um fræðslunefnd.



## FRÆÐSLUNEFND

### Hlutverk fræðslunefndar

- Skipuleggja og hafa frumkvæði að námskeiðahaldi og almennri fræðslu fyrir lífeyrissjóði.
- Vinna að gerð og þróun fræðslu- og kynningarefnis um lífeyriskerfið.
- Efla og viðhalda síðunni Lífeyrismál.is í samstarfi við samskiptanefnd.

### Sérstök verkefni 2020-2021:

- Semja fræðslu- og námskeiðsáætlun samtakanna 2020-2021.
- Lífeyrisvit. Skipuleggja fræðslu um lífeyrismál á vinnustöðum og hjá félagasamtökum.
- Fjármálavit. Fylgjast með og eftir atvikum styðja við framgang fjármálalæsisverkefnisins Fjármálavits í grunnskólum.
- Fylgjast með og eftir atvikum styðja við fræðslu ASÍ í framhaldsskólum og kanna möguleika á fræðslu í háskólum.
- Vinna að fræðslu fyrir nýbúa.
- Lífeyrisgáttin. Fylgjast með og styðja við uppfærslu á Lífeyrisgáttinni. Verkefni þetta er jafnframt í vinnu hjá réttindanefndinni.

Nefndarmenn:

**Ágústa Hrönn Gísladóttir**, LSR, formaður til nóvember 2020

**Snædís Ögn Flosadóttir**, EFÍA og LSBÍ, formaður frá nóvember 2020

**Arnaldur Loftsson**, Frjálsa lífeyrissjóðnum

**Eva Jóhannesdóttir**, Birtu lífeyrissjóði

**Gerður Björk Guðjónsdóttir**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

**Halldór Bachmann**, Almenna lífeyrissjóðnum

**Ingibjörg Ólafsdóttir**, Gildi – lífeyrissjóði

**Valmundur Valmundsson**, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja

**Sólveig Hjaltadóttir**, verkefnastjóri hjá LL, starfaði einnig með nefndinni.

Síðustu misseri hafa LL lagt aukna áherslu á fræðslu- og kynningarmál og hafa fulltrúar fræðslunefndar unnið metnaðarfullt starf í málaflokknum. Nefndin fundaði 9 sinnum á starfsárinu og var unnið að skipulagningu og eftirfylgni með verkefnum sem snúa að fræðslumálum fyrir lífeyrissjóðina, bæði hvað varðar innra starf sjóðanna og upplýsingar til sjóðfélaga og annarra.

### Fræðslufundir

Það var áskorun að skipuleggja fræðslumálin á tímum Covid-19 þar sem fjöldatakmarkanir voru í gildi allt starfsárið. Nefndin leitaðist við að bjóða upp á fræðslu í hverjum mánuði yfir veturninn þrátt fyrir að minna framboð væri af fræðslu heldur en undanfarin ár. Aukin reynsla er komin á að nota Zoom eða TEAMS fjarfundarbúnaðinn fyrir fræðslufundi þannig að fundargestir gátu tekið þátt heima hjá sér eða á vinnustað sínum. Líklegt er að sú þróun haldi áfram að einhverju marki eftir að Covid-19 faraldrinum lýkur.

### Kynningarefni

Á starfsárinu lagði nefndin mikla áherslu á innleiðingu Lífeyrisvits og var verkefninu ýtt úr vör á haustmánuðum 2020. Með Lífeyrisviti hefur verið búin til kynning með mjög góðri almennri fræðslu um lífeyrismál sem ætluð er vinnustöðum og félagasamtökum. Einnig vann nefndin að því að undirbúa gerð kynningarmyndbanda um lífeyrismál sem voru framleidd af Sahara í byrjun árs 2021.

Áfram er unnið að því að bæta fræðslu fyrir nýbúa enda fer erlendum íbúum á Íslandi sífellt fjölgandi.



## Fraðsla fyrir starfsfólk og stjórnarmenn

Undanfarin ár hafa LL átt samstarf við Félagsmálaskóla alþýðu um námskeiðahald fyrir starfsfólk og stjórnarmenn lífeyrissjóða en minna var um námskeið á starfsárinu heldur en undanfarin ár vegna Covid-19 faraldursins. Nokkur námskeið voru þó haldin en sum þeirra eru þess eðlis að nauðsynlegt er að vera á staðnum, eins og t.d. námskeið vegna hæfismats FME sem stóð til að halda haustið 2020 en þurfti að fella niður.

## Námskeið sem voru haldin:

- Ársreikningar og skýrslur lífeyrissjóða, 23. febrúar. Leiðbeinandi Vignir Gíslason, löggiltur endurskoðandi hjá PWC.
- Yfirlitsnámskeið um lífeyriskerfið og starfsemi lífeyrissjóða, 11.-12. mars. Leiðbeinendur Kristján Geir Pétursson, lögfræðingur hjá Birtu lífeyrissjóði, og Tómas N. Möller, lögfræðingur hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna.
- Hvernig geta lífeyrissjóðir verið samfélagslega ábyrgir fjárfestar?, 20. apríl. Leiðbeinandi Kristján Geir Pétursson hjá Birtu lífeyrissjóði.

- Tryggingafræðilegt mat, 5. maí. Leiðbeinandi Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur.

## Lífeyrisvit

Undirbúningur Lífeyrisvits hefur staðið yfir síðustu misseri og haustið 2020 kölluðu LL eftir áhugasönum þátttakendum til þess að taka þátt í að fullmóta glærur fyrir kynninguna.

Fjöldi starfsmanna frá lífeyrissjóðunum gaf kost á sér og tók fimmtán manna hópur þátt í að uppfæra og endurbæta glærukynninguna:

Í hópnum voru:

**Aðalbjörn Sigurðsson**, Gildi – lífeyrissjóði

**Helga Sveinbjörnsdóttir**, Frálsa lífeyrissjóðnum

**Dísá Björg Jónsdóttir**, LSR

**Lilja Lind Pálsdóttir**, LSR

**Halldór Bachmann**, Almenna lífeyrissjóðnum

**Eva Eggertsdóttir**, Almenna lífeyrissjóðnum

**Þórhildur Stefánsdóttir**, Almenna lífeyrissjóðnum

**Eydís Freyja Guðmundsdóttir**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

**Hrafn Úlfarsson**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

**Sigrún Hildur Guðmundsdóttir**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

**Þóra Jónsdóttir**, Brú lífeyrissjóði

**Jóna Finndís Jónsdóttir**, Stapa lífeyrissjóði

**Eva Jóhannesdóttir**, Birtu lífeyrissjóði

**Íris Anna Skúladóttir**, Birtu lífeyrissjóði

**Sigþrúður Jónasdóttir**, Birtu lífeyrissjóði

Hópurinn sýndi mikinn metnað og komu fram gagnlegar ábendingar varðandi framsetningu á efni. Þegar unnið hafði verið úr ábendingum var efnt til rýnifundar í desember 2020 þar sem mannauðsstjórar nokurra fyrirtækja tóku þátt í rýnni í samstarfi við Stjórnvísi. Markmiðið var að heyra skoðanir mannauðsstjóra á Lífeyrisviti þar sem þeir sjá oft um fræðslumál á vinnustöðum. Að mati mannauðsstjórranna hentaði kynningin vel fyrir vinnustaði þar sem hún var almenn og hlutlaus.

Eins og áður kom fram var Lífeyrisviti ýtt úr vör haustið 2020. Fjölsótt kynning var haldin á fjarfundí fyrir félagsmenn í VR og var sú kynning tekin upp. Einnig var haldin kynning á vegum Dokkunnar, þekkingar- og tengslanets fyrir stjórnendur. Yfir 50 manns sóttu þá kynningu.



Í janúar 2021 var síðan haldin kynning fyrir Mannauð, félag mannauðsfólks á Íslandi, sem yfir tvö hundruð manns hlýddu á. Viðbrögð, sem bárust frá félögum í Mannauði, voru jákvæð. Fyrirlesturinn þótti vel uppbryggður, fróðlegur og góður.

### Kynning á Lífeyrisviti

Landssamtökun hafa kynnt að hægt sé að panta fræðslu undir merkjum Lífeyrisvits fyrir fyrirtæki og stofnanir í gegnum Facebook síðu samtakanna og á vefnum Lífeyrismál.is. Vonir standa til að ásókn í fræðslu aukist eftir að létt hefur verið á fjöldatakmörkunum vegna heimsfaraldursins og hægt verður að halda fundi með stærri hópum.

Í framtíðinni er fyrirhugað að hafa opnar kynningar á Lífeyrisviti sem auglýstar verða sérstaklega. Þær eru hugsaðar fyrir vinnustaði með færri en 10 manns og aðra sem vilja fræðast um lífeyrismál. Einnig verða skipulagðar kynningar til flutnings á landsbyggðinni. Í ljósi aðstæðna í samfélaginu var ákveðið að taka Lífeyrisvit upp og hafa það aðgengilegt á YouTube rás samtakanna fyrir áhugasama. Vinna er hafin við að þýða Lífeyrisvit á ensku og er það liður í að bæta aðgengi erlendra sjóðfélaga að upplýsingum um lífeyrismál. Kynningar undir merkjum Lífeyrisvits eru almennar en þar er lögð áhersla á að einstaklingar leiti sér rádgjafar hjá lífeyrissjóði sínum. Hér má sjá sýnishorn af glærum í kynningu á Lífeyrisviti.



### Vefurinn Lífeyrismál.is

Lítilsháttar breytingar voru gerðar á vefnum Lífeyrismál.is í byrjun árs 2021, meðal annars með það í huga að gera fræðslumálum hærra undir höfði. Nú er allt sem tengist fræðslu undir valmynd sem nefnist **Fræðsla** og þar er einnig hægt að panta kynningu á Lífeyrisviti fyrir áhugasama.

**Spurt og svarað** er í stöðugri þróun og er uppfært eftir þörfum. Sífellt fleiri eiga nú réttindi í fleiri en einu landi og hefur kastljósini verið sérstaklega beint að þeim hópi í Spurt og svarað.



Vegna Covid-19 var settur upp sérstakur Covid-19 flokkur undir Spurt og svarað til þess að gera grein fyrir úrræðum sem stjórnvöld og lífeyrissjóðir gripu til vegna faraldursins.

Þá var settur upp hnappur til þess að skrá sig á póstlista til að fá Fréttabréf frá LL. Áskrifendum að Fréttabréfi LL fer stöðugt fjolgandi og eru þeir orðnir yfir fjögur þúsund talsins. Á starfsárinu var lögð aukin áhersla á að senda út fréttir um hagtölur um lífeyrismál á skýran máta og hefur það fengið góðar viðtökur.



## Myndbandagerð

Haustið 2020 hófst undirbúningur hjá LL og fræðslunefnd að gerð nýrra myndbanda til þess að nota á samfélagsmiðlum og í kynningarskyni. Hópur innan fræðslunefndar tók að sér að taka saman punkta um það sem skiptir mestu máli fyrir handrit til þess að nota í myndböndin.

Í hópnum voru:

**Snædís Ögn Flosadóttir**, EFÍA og LSBÍ

**Gerður Björk Guðjónsdóttir**, Lífeyrissjóði verzlunarmana

**Valmundur Valmundsson**, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja

**Sólveig Hjaltadóttir**, LL

Unnið var að efni fyrir two markhópa; einstaklinga í kring um 25 ára aldur sem eru að stíga sín fyrstu skref í fjármálum og síðan einstaklinga um 45 ára aldur. Sahara sá um að framleiða myndböndin og hafa þau fengið góðar viðtökur. Myndböndin eru aðgengileg á YouTube rás Landssamtakanna, Lífeyrismál.is

Fyrir 45 ára hópinn var framleitt myndband sem útskýrir ítarlega hvernig kerfið virkar og að það sé mikilvægt að huga tímanlega að starfslokum. Jafnframt voru framleidd nokkur styttri myndbönd þar sem markvisst er gerð grein fyrir mikilvægi undirbúnings starfsloka og að einstaklingar geti haft áhrif á hvað þeir fái til framfærslu eftir starfslok.

Fyrir 25 ára hópinn var sjónum einkum beint að kostum viðbótarlífeyrissparnaðar og hvernig hægt er að nýta þann sparnað skattfrjálst til kaupa á fyrstu fasteign.

Í viðhorfskönnunum sem gerðar hafa verið undanfarin ár hefur komið fram að þeir sem þekkja réttindi sín í kringum 60 ára aldurinn bera meira traust til lífeyrissjóðanna en aðrir aldurshópar.

Vonast er til að aukin fræðsla meðal almennings á Lífeyrisviti og birtingar á upplýsandi myndböndum auki traust allra aldurshópa á lífeyrissjóðakerfinu í framtíðinni.

Lífeyrissjóðum og öðrum sem áhuga hafa á lífeyrismálum er frjálst að nýta myndböndin í kynningarskyni.

Í myndböndunum var notast við myndir og talað mál. Hér má sjá skjáskot frá myndböndunum.



## Grunnskólar - Fjármálavit

Landssamtök lifeyrissjóða hafa tekið þátt í fjármálalæsisverkefninu Fjármálavit undanfarin ár. Fjármálavit er í eigu Samtaka fjármálfyrirtækja/SFF og verkefnisstjóri er Kristín Lúðvíksdóttir.

Fjármálavit er fræðsluvettvangur fyrir ungmenni á aldrinum 13-15 ára þar sem markmiðið er að bæta fjármálalæsi. Fjármálavit gefur út námsefni fyrir efstu deildir grunnskóla og áhersla hefur verið lögð á að vera með fræðslu fyrir 10. bekk í öllum grunnskólum landsins.

Starfsemi Fjármálavits hófst í mars 2015 og hefur eftirspurn eftir kennsluefni og handleiðslu Fjármálavits aukist ár frá ári. Á undanförnum árum hafa yfir 16.000 nemendur fengið heimsókn fulltrúa SFF og LL með fjármálafræðslu í sinn skóla. Námsefni sem stuðst hefur verið við eru bækurnar

**Fyrstu skref í fjármálum** fyrir grunnskóla og

**Farsael skref í fjármálum** sem nýlega var gefin út fyrir framhaldsskóla. Hátt í 8.000 eintök af þessum bókum eru í skólamarkaðslandsins. Höfundur bókanna er Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lifeyrissjóðsins.



Vegna aðstæðna í samfélagini hafa heimsóknir með Fjármálavit í skóla legið niðri en gerð var tilraun með streymisfund vorið 2020 sem gekk ágætlega. Verkefnastjóri Fjármálavits, Kristín Lúðvíksdóttir, hefur nýtt tímamann í stefnumótun og greiningarvinnu.

Fjármálaleikar, árleg keppni í fjármálalæsi milli grunnskóla, var feldt niður á árinu 2020 vegna Covid-19. Í mars 2021 var hægt að halda Fjármálaleika og tóku 730 nemendur í 35 grunnskólum viðs vegar að af landinu þátt í þeim. Hörð keppni var um efstu sætin og margir skólar stóðu sig mjög vel. Þrír efstu skólarnir í keppninni voru að þessu sinni Áslandsskóli, Austurbæjarskóli og Tjarnarskóli.



Frá verðlaunaafhendingu þann 19. mars til Áslandsskóla fyrir fyrsta sæti í Fjármálaleikunum 2021. Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, ávarpaði nemendur og afhenti þeim verðlaunin.

Á starfsárinu kom út bæklingurinn Fjármálalæsi unglingsa þar sem rætt er um fjármálafræðslu sem undirstöðu farsældar í fjármálum á fullorðinsárum.

## Fjármálalæsi unglinga

Fræðsla er undirstaða  
farsældar í fjármálum

\* Fjármálavit

### Fjármálalæsi í aðalnámskrá grunnskóla

SFF og LL áttu fund með menntamálaráðherra í byrjun febrúar 2021 þar sem rætt var um að koma Fjármálaviti inn í aðalnámskrá grunnskóla á landinu. Á fundinum kom fram að menntamálaráðherra var afar ánægður með kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum landsins undanfarin ár og taldi það til fyrirmynnar hvernig atvinnulífið og menntakerfið hefðu starfað saman að verkefninu. Einnig lagði ráðherra áherslu á mikilvægi þess að námsefni í fjármálalæsi á íslensku væri tiltækt til þess að byggja upp orðaforða ungmenna.

Niðurstaða fundarins var að innleiða hæfniviðmið fyrir fjármálalæsi í aðalnámskrá og mun menntamálaráðuneytið útfæra það í samvinnu við stýrihóp Fjármálavits og SFF. Þá mun SFF beita sér fyrir því að fjármálalæsi verði skipulagt í grunnnámi kennara. Einnig tók menntamálaráðuneytið vel í að láta gera könnun á fjármálalæsi ungmenna á aldrinum 15-17 ára í tengslum við næstu Pisa könnun sem er fyrirhuguð árið 2022.

Má segja að fundurinn með menntamálaráðherra hafi verið tímamótafundur fyrir verkefnið Fjármálavit og mikil viðurkenning fyrir alla sem hafa komið að verkefninu undanfarin ár.

Út frá niðurstöðum fundarins má gera ráð fyrir að kennsla á Fjármálaviti verði í ríkara mæli hjá kennurum og að SFF og stýrihópur verkefnisins veiti stuðning eftir þörfum.

### Hugtakanotkun um lífeyrismál – „lífeyrisorðabók“

Hópur á vegum fræðslunefndar hefur komið saman á starfsárinu til þess að ræða hugtakanotkun meðal lífeyrissjóðanna og LL með það að markmiði að reyna að samræma og einfalda orðalag.

Í hópnum eru:

**Helga Sveinbjörnsdóttir**, Frjálsa lífeyrissjóðnum

**Sólveig Hjaltadóttir**, LL

**Þórhallur B. Jósepsson**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

**Þórhildur Stefánsdóttir**, Almenna lífeyrissjóðnum





Fræðslunefnd á fjarfundi í mars 2020.

Hópurinn hefur átt góðar umræður um hugtakanotkun og hversu mikilvægt það er að leitast við að nota samræmt orðalag. Niðurstaða hópsins var að skynsamlegt væri að nýta hugtök sem eru nú þegar í notkun í bókum sem hafa verið

gefnar út um fjármálalæsi, þannig að ungmenni og foreldrar væru að nota sömu hugtök ef lífeyrismálin bæru á góma innan veggja heimilisins. Jafnframt var rætt um mikilvægi þess að hafa hugtökin í takti við löginn og þarf að hafa það í huga í framtíðinni,

ef tækifæri gefst, að koma með ábendingar í þeim eftum við breytingar á lögum um lífeyrissjóði.

# Framtíð lífeyrissjóðakerfisins

## Staða íslenska lífeyriskerfisins

Íslendingum bar gæfa til að setja snemma á stofn sjóðsöfnunarkerfi og kostir þess fyrirkomulags koma sífellt betur í ljós. Eignir íslenska lífeyriskerfisins hafa aukist hratt síðustu ár og eru nú yfir 200% af VLF, sem er hátt í samanburði við önnur lönd. Það er að sjálfssögðu mjög jákvætt að eignastaða lífeyriskerfisins sé góð en eignum fylgja skuldbindingar sjóðanna til að greiða landsmönnum ævilangan lífeyri og áfallalífeyri. Jafnvægi eigna og skuldbindinga er ein af grunnforsendum þess að kerfið hér á landi sé stöðugt til lengri tíma.


Þegar rýnt er í tölur síðustu ára kemur í ljós að allt frá 2003 hefur meirihluti tekna ellilífeyrisþega komið frá lífeyrissjóðum. Almannatryggingar gegna þó enn stóru hlutverki og greiða nú um 40% lífeyristekna þessa hóps. Lífeyrissjóðir greiða einnig áfallalífeyri. Stærsti hlutinn er örorkulífeyrir sem greiddur er til sjóðfélaga sem hafa tapað starfsorku en einnig er greiddur barnalífeyri og makalífeyrir við andlát.

Árið 2019 greiddu lífeyrissjóðir um fjórðung alls örorkulífeyris á móti almannatryggingum.

Einn helsti styrkur íslenska lífeyriskerfisins er almenn þátttaka hér á landi. Greidd eru iðgjöld í lífeyrissjóð af öllum launatekjum á aldrinum 16-70

ára á móti mótfamlagi vinnuveitenda og það þýðir að mjög fáir falla alveg utan kerfisins.

## Lífeyrir frá lífeyrissjóðum ▪ % af heildarlífeyri\*



\*Með heildarlífeyri er átt við greiðslur frá bæði lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun vegna ellilífeyris og örorkulífeyris.  
Heimildir: Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, Tryggingastofnun ríkisins

## Tölur og gögn um lífeyrismál

Íslenskar stofnanir halda utan um og uppfæra reglulega gögn sem tengast lífeyriskerfinu hér á landi. Innan LL hefur undanfarin ár verið lögð áhersla á bætt aðgengi að gögnum um lífeyrismál og var á síðasta ári sett inn ný undirsíða á vefnum Lífeyrismál.is sem ber heitið **Tölur og gögn**. Þar er safnað saman ýmsu talnaefni um lífeyrismál. Einnig var bætt inn ýmsum upplýsingum um lífeyrissjóðakerfið á ensku undir **Facts and Figures** á enska hluta vefsins og er það einkum hugsað til upplýsinga fyrir erlenda fræðimenn og sérfræðinga hjá erlendum stofnunum sem hafa áhuga á íslenska lífeyrissjóðakerfinu og leita eftir aðgengilegum upplýsingum þar að lútandi.

## Hagtöluhópur

Innan LL er starfandi hagtöluhópur sem hefur það hlutverk að meta hvaða gögn eigi að birta á vefnum og vinna að því að bæta aðgengi að tölulegum gögnum.

Hópinn skipa:

**Ásta Ásgeirsdóttir**, LL

**Sara Jóna Stefánsdóttir**, Greiðslustofu lífeyrissjóða

**Porkell Sigurgeirsson**, LSR

**Þór Egilsson**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

**Þórhildur Stefánsdóttir**, Almenna lífeyrissjóðnum.

Með bættu aðgengi að tölulegum gögnum um íslenska lífeyrissjóðakerfið geta einstaklingar og stofnanir leitað sér upplýsinga um lífeyrismál á einfaldan og aðgengilegan hátt. Þær myndir, sem birtar eru á heimasíðu LL undir **Tölur og gögn**, eru hugsaðar til fróðleiks fyrir almenning og stofnanir. Þeim er einnig ætlað að stuðla að því að umræða um lífeyrismál fari fram á grundvelli staðreynda og gagna.

## Grænbók stjórnvalda – undirbúningsvinna

Á haustmánuðum 2020 kom yfirlýsing frá stjórnvöldum um að fyrirhuguð væri stefnumótunarvinna um lífeyrismál í samstarfi við hagsmunaaðila og að afrakstur þeirrar vinnu ætti að vera grænbók um lífeyrismál. Innan Landssamtaka lífeyrissjóða var ákveðið að hefja rýni á mögulegt framlag LL til stefnumótunarvinnu og var Stefáni Halldórssyni falið að leiða stýrihóp um það verkefni ásamt framkvæmdastjóra LL. Ákveðið var að rýna eftirfarandi þætti lífeyriskerfisins hér á landi enda gæti sú rýnisvinna verið gagnleg þegar vinna við grænbók hefst:

- Lýsing á lífeyriskerfum Íslands og algengra samanburðarlanda, réttindum og tölfraði.
- Yfirferð regluverks um lífeyrismál og tillögur um breytingar og úrbætur.
- Reifun hugmynda um nýmæli og veigamiklar breytingar.

Fyrstu skrefin hafa verið að leita eftir hugmyndum og ábendingum frá sjóðunum sjálfum og einnig að óska eftir álti frá fastanefndum LL um sama efni. Í framhaldinu mun fara fram rýni á framkomnar hugmyndir og mun sú rýni væntanlega nýtast þegar grænbókarvinna stjórnvalda heldur áfram.

Stýrihópinn skipa:

**Stefán Halldórsson**, verkefnastjóri, LL

**Arnaldur Loftsson**, Frjálsa lífeyrissjóðnum

**Guðrún Hafsteinsdóttir**, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

**Gylfi Jónasson**, Festu lífeyrissjóði

**Harpa Jónsdóttir**, LSR

**Jóhann Steinar Jóhannsson**, Stapa lífeyrissjóði

**Þórey S. Þórðardóttir**, LL

**Ásta Ásgeirsdóttir** hjá LL hefur einnig starfað með hópnum.



## Helstu áhættuþættir lífeyrissjóðakerfisins

### Hækkandi lífslíkur

Á Íslandi líkt og í öðrum löndum hefur meðalævilengd farið hækkandi mörg undanfarin ár. Þetta er gleðiefni og tengist góðum lífsskilyrðum hér á landi og sífelldum framförum í læknavísindum um allan heim. Sú áskorun blasir hins vegar við lífeyrissjóðakerfinu hér á landi að bregðast þarf við hækkandi lífaldri þannig að ellilífeyrisþegum framtíðarinnar sé tryggður lífeyrir til jafns við þá sem eru nú þegar á lífeyri eða eiga stutt í lífeyristökualdur. Mörg önnur lönd hafa farið þá leið að hækka lífeyristökualdur í skrefum til að tryggja sjálfbærni kerfisins.

Nýlega komu út uppfærðar töflur um lífslíkur frá Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi hækkun lífaldurs næstu ár. Settur var saman vinnuhópur á vegum LL til að meta áhrif breytinganna og til hvaða aðgerða sjóðirnir ættu að grípa til að bregðast við.

Hópinn skipa:

**Guðrún Hafsteinsdóttir**, formaður, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

**Arnaldur Loftsson**, Frjálsa lífeyrissjóðnum,

**Ásta Ásgeirsdóttir, LL**

**Ragnheiður Helga Haraldsdóttir**, Brú lífeyrissjóði


**Þórey S. Þórðardóttir, LL**

Jafnframt hafa tryggingastærðfræðingar lífeyrissjóðanna, Bjarni Guðmundsson og Vigfús Ásgeirsson, starfað með hópnum.

Í vinnu hópsins hefur verið lögð áhersla á að meta hvaða leið henti best til að bregðast við hækkandi lífaldri sjóðfélaga. Skoðaðar voru nokkrar mögulegar leiðir en ákveðið var að stefna að hækkun viðmiðunaraldurs lífeyristöku í skrefum yfir tíma. Sú niðurstaða var til samræmis við tillögur frá FÍT og er svipuð leið og margar aðrar þjóðir hafa farið.

### Ólifuð meðalævi við 67 ára aldur ▪ Karlar og konur

Fjöldi ára



Heimild: Hagstofa Íslands



## **Lækkandi vaxtastig**

Á síðasta ári náðu lífeyrissjóðirnir yfir 9% raunavöxtun og ef skoðaðar eru tölur yfir 5 og 10 ára ávöxtun sjóðanna þá hafa þeir að meðaltali náð yfir 5% raunavöxtun á ári. Þrátt fyrir góða ávöxtun sjóðanna í fortíðinni þarf að meta hvort framtíðarforsendur um ávöxtun eru áfram raunhæfar. Vaxtastig í helstu viðskiptalöndum Íslands hefur farið lækkandi undanfarin ár og ekkert bendir til þess að breytingar verði á því á næstu árum. Skoða þarf í fullri alvöru möguleikann á því að tengja viðmiðunarávöxtun sjóðanna betur við vaxtaumhverfið á Íslandi og á erlendum mörkuðum þannig að sjóðirnir séu betur í stakk búnir til að bregðast við breytingum á markaðsumhverfi. Einnig þarf að skoða hvort festa eigi ávöxtunarviðmið til skemmri tíma í senn og endurskoða á nokkurra ára fresti.

Þeir þættir sem minnst var á hér að ofan, lenging lífaldurs og lækkandi vaxtastig, setja þrýsting á núverandi réttindakerfi lífeyrissjóða og ljóst er að sjóðirnir þurfa að bregðast við til að tryggja fullnægjandi réttindi sjóðfélaga til lengri tíma.

## **Mercer lífeyrisvíitala - samanburður**

### **við önnur lönd**

Mercer ráðgjafafyrirtækið stendur árlega fyrir útgáfu alþjóðlegrar lífeyrisvíitolu þar sem borin eru saman lífeyriskerfi mismunandi landa. Víitalan heitir Mercer-CFA Institute lífeyrisvíitalan og hefur verið gefin út í 12 ár. Mercer er alþjóðlegt ráðgjafafyrirtæki sem sérhæfir sig í m.a. í ráðgjöf varðandi fjárfestingarlausnir fyrirtækja og stofnana og CFA Institute eru óhagnaðardrifin samtök sem hafa það markmið að stuðla að ábyrgum og sjálfbærum fjárfestingum á alþjóðavísu.

Árið 2020 voru þáttökulöndin í vísitölunni 39 talsins og þar á meðal voru öll Norðurlöndin nema Ísland. Víitalan er öflugt tæki til að meta stöðu lífeyriskerfa í mismunandi löndum og fá heildarmat á kerfið frá hlutlausum aðilum. Innan LL hefur lengi verið áhugi á að taka þátt í Mercer-vísitölunni og í byrjun árs 2021 var haldinn kynningarfundur fyrir innlenda hagsmunaaðila um mögulega þátttöku Íslands í vísitölunni. Voru viðbrögð mjög jákvæð og er stefnt að því að Ísland verði hluti af vísitölunni fyrir árið 2021.

## **Reiknilíkan fyrir íslenska lífeyriskerfið**

Á árinu 2020 var ákveðið að hefja undirbúning að þróun líkans fyrir lífeyriskerfið hér á landi til að geta betur metið stöðu kerfisins og langtímaþróun. Stofnaður var vinnuhópur til að halda utan um verkefnið og meta hvernig best væri að haga hönnun líkansins.

Hópinn skipa:

**Ásta Ásgeirsdóttir**, verkefnastjóri, LL

**Ólafur Örn Jónsson**, Frálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

**Ragnheiður Helga Haraldsdóttir**, Brú lífeyrissjóði

Hópurinn hefur fundað með ýmsum aðilum til að fá innsýn í hvaða þætti er mikilvægast að lífeyrislíkan meti. Haldnir voru fundir með aðilum vinnumarkaðarins, tryggingastærðfræðingum lífeyrissjóðanna, fulltrúum fræðasamfélagsins og eftirlitsaðilum lífeyrissjóðakerfisins til að heyra raddir sem flestra. Út frá þeim hugmyndum sem komu fram á þessum fundum hefur hópurinn unnið áfram að þróun líkans.



Reiknilíkan fyrir íslenska lífeyriskerfið yrði gagnlegt tæki til að meta stöðu kerfisins eins og það er núna og áhrif breytinga. Jafnframt gæti það nýst við rannsóknir innan háskólasamfélagsins og stefnumótun stjórnvalda til framtíðar.



# Erlent samstarf og erlendur samanburður

**Landssamtök lífeyrissjóða eru aðili að**

**PensionsEurope sem er samstarfsvertvangur**

**24 samtaka lífeyrissjóða í 21 ESB- og EFTA-landi. Þátttakani er í formi áheyrnaraðildar og felur í sér rétt til setu á fundum samtakanna, aðgang að innra starfi þeirra, s.s. málefhnastarfi og sameiginlegri hagsmunagæslu gagnvart stofnunum ESB, og þátttöku í könnunum á vegum PensionsEurope.**

Með aðild að samtökunum veitist LL tækifæri til að fylgjast með helstu stefnum og straumum varðandi lífeyrismál í nálægum löndum. Löggjöf og reglugesetning ESB um lífeyrissjóði varðar Ísland í mörgum tilvikum beint, enda er Ísland hluti af innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Í störfum PensionsEurope er lögð áhersla á að standa vörð um þau sjónarmið að ákværðanir varðandi lífeyrismál skuli vera á forræði hvers ríkis eins og kostur er. Þannig takmarkist evrópskar reglur við svið þar sem samræmingar er sérstaklega þörf (svokölluð nálægðarregla/e. subsidiarity principle).

PensionsEurope heldur svonefnda GAM fundi (e. General Assembly Meeting) tvívar á ári.

Fulltrúi LL, Tómas N. Möller, situr fundina ásamt framkvæmdastjóra LL. Þar er til kynningar og umræðu það sem efst er á baugj á hverjum tíma. Nánari upplýsingar um PensionsEurope má finna á vef samtakanna: [www.pensioneurope.eu](http://www.pensioneurope.eu).

## Áherslur á árinu - IPE

Gefið er út mánaðarlegt tímarit um lífeyrismál að nafni Investments & Pensions Europe (IPE) þar sem farið er yfir ýmsa þætti lífeyriskerfa mismunandi landa innan Evrópu. Árið 2020 var viðburðaríkt ár og meðal þess sem var tekið fyrir var eftirfarandi:

- Áhrifin af Covid-19 faraldrinum á lífeyriskerfi mismunandi landa.
- Fagfjárfestar leggja aukna áherslu á samfélagslega ábyrgð í fjárfestingum og grænar fjárfestingar.
- Lækkandi vaxtastig og áhrif þess á langtímaávöxtun lífeyrissjóða.

## Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærar fjárfestingar

Alþjóðasamfélagið hefur í auknum mæli látið samfélagsábyrgð fyrirtækja og stofnanafjárfesta til sín taka. Áherslan hefur m.a. aukist í takti

við aukna vitund um loftslagsvána, þá ógn sem steðjar að mikilvægum vistkerfum jarðar, hraða nýtingu takmarkaðra náttúruauðlinda og nýjar samfélagslegar áskoranir.

## Parísarsamkomulagið – heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun – ófjárhagslegar upplýsingar og UFS

Parísarsamkomulagið um aðgerðir í loftslagsmálum árið 2015 og samþykkt heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru dæmi um samstilt átak alþjóðasamfélagsins til að stuðla að sjálfbærri þróun.

Með heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun voru sett skýr markmið sem stefnt er að fyrir árið 2030. Þá byggir Parísarsamkomulagið á því að kolefnislosun verði helminguð fyrir árið árið 2030 og að fullu kolefnishlutleysi verði náð fyrir árið 2050. Það er gert í þeim tilgangi að halda hnattrænni hlýnun, m.v. upphaf iðnbyltingar, innan við 2 gráður, sem er talin lykilforsenda þess að forða jörðinni frá miklum manngerðum hörmungum.





Undirritun viljayfirlýsingar um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbryggingar. Á myndinni eru Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, og Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálaufyrirtækja.

Parísarsáttmálinn og heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun hafa þegar haft veruleg áhrif á reglur og viðmið sem stofnanafjárfestar, s.s. lífeyrissjóðir og líftryggingarfélög, starfa eftir. Í því sambandi má m.a. nefna hraða þróun á reglum um svokallaðar ófjárhagslegar upplýsingar,

sem eru mikilvægar til viðbótar hefðbundnum fjárhagsupplýsingum og varða miklu fyrir framtíð fyrirtækja sem fjárfest er í. Slík upplýsingagjöf er veigamikill þáttur í UFS greiningu fjárfesta í tengslum við mat á sjálfbærni fjárfestingarkosta og rekstri sjálfbærra eignasafna.

Fylgst er með þróun þessara mála á vettvangi LL enda varða þau starfsumhverfi lífeyrissjóða í auknum mæli. Viðbúið er að áskoranir, nýjar reglur og viðmið varðandi sjálfbærar fjárfestingar verði í vaxandi mæli hluti af daglegri starfsemi lífeyrissjóða á komandi misserum og árum.

### Þróun á vettvangi ESB og EES réttar

Evrópusambandið hefur markað skýra stefnu um að vera í farabroddi þegar kemur að aðgerðum í loftslagsmálum og sjálfbærri þróun. Sambandið hefur samþykkt yfirgrípsmikla áætlun um sjálfbæra þróun (e. [A European Green Deal](#)) í framhaldi af Parísarsamkomulaginu og markmiðunum um sjálfbæra þróun.

Mikilvægur liður í áherslum ESB á sjálfbæra þróun lýtur að því að móta og hrinda í framkvæmd viðtæku evrópsku regluverki um sjálfbær fjármál og fjárfestingar (e. [Sustainable finance](#)). Afrakstur þess er m.a. reglugerðir, tilskipanir og ýmis viðmið varðandi sjálfbæran rekstur og fjárfestingar sem eru hluti af ESB rétti. Af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) leiðir að flestar þessar gerðir ESB réttar hafa eða munu fá lagagildi á Íslandi og varða þannig starfsemi íslenskra lífeyrissjóða beint

eða óbeint. Þessi þróun hefur verið til umræðu á vettvangi LL og einstakra lífeyrissjóða undanfarin ár og viðbúið er að svo verði í auknum mæli í nánustu framtíð.

Meðal áhersluþáttu ESB á löggjöf varðandi sjálfbærar fjárfestingar eru:

- [Reglugerð ESB nr. 2019/2088](#): Upplýsingar um áhættu tengda sjálfbærni og UFS þáttum. Upplýsingaskyldan er gagnvart endafjárfestinum, t.a.m. einstaklingum (Regulation on sustainability-related disclosure in the financial services sector)
- [Reglugerð ESB nr. 2020/852](#): Skilgreiningarkerfi fyrir umhverfisþætti í fjárfestingum (EU TAXONOMY)
- [Viðmið fyrir græn skuldabréf](#): Markmiðið er að auka skilvirkni, gegnsæi og trúverðugleika markaðar fyrir græn skuldabréf (EU green bonds)
- [Leiðbeiningar framkvæmdastjórnar ESB](#): Birting ófjárhagslegra upplýsinga (Guidelines on non-financial reporting: Supplement on reporting climate-related information)
- [Tilskipun ESB nr. 2016/2341](#) um starfstengda lífeyrissjóði: Varðar m.a. UFS þætti í fjárfestingarstarfsemi lífeyrissjóða.

## Áhrif Covid-19 á lífeyriskerfi heims


### *Greining OECD*

Á vegum OECD er gefið út ritið **OECD Pensions Outlook** þar sem farið er yfir stöðu lífeyrismála innan ríkja OECD. Í ritinu fyrir árið 2020 var sérstakur kafli um Covid-19 faraldurinn og áhrif hans á lífeyriskerfi mismunandi landa.

Faraldurinn sem nú geisar hefur haft mikil áhrif á hagkerfi heims. Hagvöxtur hefur víða stöðvast og skuldir hins opinbera vaxið hratt á sama tíma og

atvinnuleysi hefur aukist. Áhrif niðursveiflunnar í löndum OECD bitna mismikið á mismunandi hópum samfélagsins og aukið atvinnuleysi hefur bitnað hlutfallslega mest á einstaklingum í láglauastörfum, konum á vinnumarkaði og einstaklingum sem ekki eru í hefðbundinni launavinnu eða sem vinna sjálfstætt. Mörg ríki hafa farið þá leið að beina sérstökum styrkjum til þeirra hópa sem hafa orðið fyrir mestu tekjufalli vegna Covid-19 og er íslenska hlutabótaleiðin dæmi um það.

## Heildar lífeyriseignir landa innan OECD • Árið 2019



Í mörgum ríkjum eru lífeyrisgreiðslur að stórum hluta fjármagnaðar með skattfé og svigrúm til að takast á við skarpa niðursveiflu er takmarkað. Þetta eru í mörgum tilvikum ríki sem ekki hafa gripið til aðgerða til að bregðast við hækkandi lífaldri og því er ljóst að núverandi kreppa eykur vanda þeirra. Flest ríki hafa þó gripið til sértaekra aðgerða til að standa vörð um kaupmátt þeirra sem eru á eftirlaunum og þá sem eiga skammt í lífeyristökualdur. Nokkuð er misjafnt eftir ríkjum hvernig eignamarkaðir standa af sér kreppuna en

almennt hefur ávöxtun lífeyriseigna gengið nokkuð vel eftir upphaflega áfallið í mars á síðasta ári.


Í skýrslu OECD er einnig rætt um skammtímaúrræði sem lönd OECD hafa gripið til og gætu haft neikvæð langtímaáhrif. Eru þar meðal annars nefnd atriði eins og aðgengi að lífeyriseignum fyrir lífeyrisaldur og hlé frá iðgjaldagreiðslum yfir lengra eða skemmtímaúrræði. Ljóst er að þessar aðgerðir skila góðum árangri til skamms tíma og draga úr áhrifum efnahagsáfallsins. Langtímaafleiðingarnar eru lægri lífeyrir þegar lífeyrisaldri er náð.

### Lækkandi vaxtastig og skuldir hins opinbera


Eins og áður var nefnt hafa skuldir margra ríkja aukist mjög vegna opinberra ráðstafana til að bregðast við afleiðingum Covid-19 faraldursins. Má nefna að á Íslandi jukust hreinar skuldir hins opinbera um 8,4% af VLF á árinu 2020. Alþjóðlegt vaxtastig hefur farið lækkandi undanfarin ár og hefur það jákvæð áhrif á möguleika ríkja á að auka skuldir með útgáfu ríkisskuldbréfa. Öfugt við það sem mætti halda hefur vaxtastig ekki hækkað í Covid-19 faraldrinum og er ein skýring þess að sparnaður heimila hefur aukist vegna skorts á neyslutækifærum í faraldrinum. Fyrir lífeyrissjóði og aðra fagfjárfesta þýðir lágt vaxtastig hins vegar að áhættulitlar fjárfestingar í skuldum hins opinbera verða minna arðbærar og að leita þarf annarra fjárfestingarkosta til að ná ásættanlegrí ávöxtun.

### Erlend málefni á vef LL

Á vef LL, Lifeyrismál.is, er að finna ýmislegt gagnlegt efni af erlendum vettvangi á vefsíðinu **Erlent efni** og þar er m.a. að finna tengla við framangreint regluverk ESB og rit PensionsEurope. Einnig er að finna samanburð á stöðu Íslands og annarra landa undir **Tölur og gögn** á vefsíðu LL.




## Árlegur kostnaður lífeyrissjóða innan OECD ▪ % af heildareignum



\*Gögn frá 2019 nema fyrir Holland (2018). ▪ Heimild: OECD Pension Statistics

## Rauánvöxtun lífeyrissjóða innan OCED ▪ 10 ára meðaltal\*



\*10 ára meðalávöxtun árið 2018. ▪ Heimild: OECD, Pensions at a Glance 2019

# Fundir, ráðstefnur, námskeið og fl.

**Helstu opnu fundir, ráðstefnur og viðburðir sem fram hafa farið á vettvangi LL frá síðasta aðalfundi. Vegna aðstæðna í samfélagini og fjöldatamarkana vegna Covid-19 voru flestir fundir og viðburðir rafrænir.**

## 2020

**26. maí:** Aðalfundur LL 2020 á Grand hóteli. Fundurinn var að meginstefnu til fjarfundur vegna Covid-19 ráðstafana og gildandi fjöldatamarkana. Því var atkvæðagreiðsla rafræn og fyrirspurnir bárust að sama skapi með rafrænum hætti.

**29. maí:** Stjórn LL boðaði framkvæmdastjóra sjóðanna til fundar til að fara yfir stöðu mála á óvissutínum.

**1. júní:** Réttindanefnd LL kynnti nýtt verklag við skiptingu ellilífeyrisréttinda sem innleitt var 1. júní. Breytt verklag fól í sér að LL hættu að taka við gögnum og samningum en þess í stað var verkefnið sett í hendur móttökusjóðs eða þess sjóðs sem viðkomandi greiddi síðast til. Móttökusjóður hefur samskipti við aðra sjóði og annast ráðgjöf og leiðsögn til umsækjenda.

**13. júní:** Framkvæmdastjóri LL, formaður stjórnar LL og framkvæmdastjórar lífeyrissjóða funduðu með seðlabankastjóra þar sem farið var yfir stöðu efnahagsmála. Miklir óvissutímar fylgdu heimsfaraldrinum og voru lífeyrissjóðir hvattir til þess að halda áfram að sér höndum varðandi gjaldeyriskaup næstu þrjá mánuði.

**18.-19. ágúst:** Vinnu- og stefnumótunarfundur stjórnar haldinn á Hótel Hamri í Borgarnesi. Auk stjórnarmanna sátu formenn fastanefnda fundinn og voru nokkrir aðilar með framsögu.

**4. september:** Málþing var haldið á vegum Hagfræðistofnunar og viðskiptafræðideilda HÍ um flugsamgöngur sem grunninnvið í ljósi Covid-19 faraldursins. Simon Theeuwes greindi frá niðurstöðum skýrslu SEO Amsterdam Economics um áhrif sem Covid-19 hefur á flugsamgöngur. LL komu að því að vekja athygli á málþinginu en í lok þess var málefnið m.a. rætt út frá aðstæðum á Íslandi.

**24. september:** Framkvæmdastjóri LL var með fræðsluerindi fyrir sjóðfélaga VR undir merkjum Lífeyrisvits í samstarfi við Lífeyrissjóð verzlunarmanna. Kynningin var tekin upp og var gerð aðgengileg sjóðfélögum VR. Fyrirlesturinn var textaður á ensku.

**9. október:** Fulltrúar LL áttu fund með fulltrúum frá lánshæfismatsfyrirtækinu Fitch.

**13. október:** Fundur stjórnar LL með framkvæmdastjórum.

**23. október:** Stjórnvísi var með fræðslu í samstarfi við LL um breytingar á lögum um ársreikninga, endurskoðendur og endurskoðun. Erindið nefndist *Ábyrgir stjórnarhættir – nýlegar lagabreytingar og kröfur um upplýsingar*.



**28. október:** Framkvæmdastjóri LL kynnti Lífeyrisvit fyrir Dokkunni, þekkingar- og tengslaneti stjórnenda, á fjarfundi. Þátttakendur voru rúmlega 50.

**28. október:** Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri LL tóku þátt í samráðsfundi félags- og barnamálaráðherra þar sem umræðuefnið var staða heimilanna.

**4. nóvember:** LL stóðu fyrir fjarnámskeiði í samstarfi við Klappa um „Sustainable Investing“ þar sem gefin var innsýn í hugbúnað sem heldur utan um og greinir stöðu skipulagsheilda gagnvart umhverfisþáttum.

**6. nóvember:** Festa stóð fyrir fjarfundi í samstarfi við LL og fleiri undir yfirschriftinni *Græna þruman*, þar sem rædd voru áhrif nýrrar Evrópureglugerðar um loftslagsmál á íslenskan markað og starfsemi fyrirtækja. Rætt var um flokkunarreglugerðina (EU Taxonomy) sem mun fela í sér umbreytingu á fjármálamarkaði þegar hún verður innleidd.

**26. nóvember:** Fræðslunefnd LL stóð fyrir hádegisfræðslu á fjarfundi þar sem Stefanía Ástrós kynnti meistararitgerð sína í fjármálaverkfræði og áhættustýringu. Meistararitgerðin nefnist *Möguleg áhrif stýrivaxta Seðlabanka Íslands á fjárfestingar íslenskra lífeyrissjóða*.

**9. desember:** Fulltrúum LL var boðið á rafrænt málþing á vegum Klappa um umhverfis- og loftslagsmál. Fulltrúar frá Ölgerðinni, Arion banka, ÞG Verki, Eimskipum og Össuri voru með erindi á málþinginu.

## 2021

---

**12. janúar:** LL stóðu fyrir kynningu á Lífeyrisviti á fjarfundi fyrir Mannauð, félag mannaúðsfólks. Um 200 manns hlustuðu á kynninguna sem var tekin upp og var hún aðgengileg á Facebook-síðu Mannauðs í nokkrar vikur eftir kynninguna.

**12. janúar:** Óformlegur fundur var haldinn í fjármála- og efnahagsráðuneytinu um hlutverk lífeyrissjóða og þeirri spurningu velt upp með hvaða hætti lífeyrissjóðir gætu komið að því að styrkja íslenskt efnahagslíf.

**15. janúar:** LL stóðu fyrir fræðsluerindi um umhverfissjálfbærar fjárfestingar. Helga Melkorka Óttarsdóttir, lögmaður hjá LOGOS, fór yfir meginatriði flokkunarreglugerðar Evrópusambandsins EU – Taxonomy og hvernig hún snertir lífeyrissjóðina varðandi upplýsingagjöf um umhverfissjálfbærar fjárfestingar.

**28. janúar:** Festa stóð fyrir ráðstefnu undir yfirschriftinni *The Great Reset* eða Nýtt upphaf. Á ráðstefnunni voru fyrilestrar frá leiðandi stofnunum varðandi umbreytingar í átt að sjálfbærni fjárfestinga, t.a.m. Alþjóðaefnahagsráðsins (e. World Economic Forum) og B Team. Meðal fyrirlesara voru Halla Tómasdóttir, forstjóri B Team, Nicole Schab, framkvæmdastjóri Nature Based Solutions hjá Alþjóðaefnahagsráðinu, John McArthur, forstjóri miðstöðvar um sjálfbæra þróun hjá Brookings stofnuninni, Michele Wicker, stofnandi Gray Rhino company, og Sasja Beslit, forstjóri sjálfbærra fjárfestinga hjá J. Safra Sarasin bankanum í Sviss.



**28. janúar:** Framkvæmdastjóri LL og Tómas N. Möller voru með innlegg á umræðufundi á netinu sem Kolbeinn Óttarsson Proppé stóð fyrir um loftslagsvána og hlutverk fjárfesta og þar með lífeyrissjóða við að styðja við ábyrgar fjárfestingar.

**2. febrúar:** Fundur stjórnar með framkvæmdastjórum.

**4. mars:** Creditinfo kynnti PEP gagnagrunn fyrir starfmönnum lífeyrissjóða.

**9. mars:** LL stóðu fyrir kynningu frá Tryggingastofnun (TR) og Skattinum um erlend málezni. Bára Jóhannesdóttir og Ingvar Sverrisson frá TR gerðu grein fyrir samningum og fóru yfir ferli umsókna hjá TR og Guðrún Ásta Sigurðardóttir frá Skattinum fór yfir helstu reglur um skattlagningu lífeyris og tvísköttunarsamninga sem Ísland hefur gert við önnur ríki. Fundurinn var haldinn á Grand hóteli og einnig sem fjarfundur.

**16. mars:** Fulltrúar LL áttu fund með lánshæfismatsfyrirtækinu Fitch.

**18. mars:** LL stóð fyrir kynningu á lífeyrisvístölu Mercer.

**25. mars:** Haldin var kynning fyrir starfsmenn lífeyrissjóða á stöðu rafrænna þinglýsinga.

**7. apríl:** Framkvæmdastjóri hélt kynningu á lífeyrismálum fyrir konur innan FKA.

**14. apríl:** Fundur haldinn að beiðni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þar sem áherslan var á áhrif kórónuveirufaraldursins á lífeyrissjóði.

**7. maí:** Framkvæmdastjóri hélt kynningu um lífeyrismál fyrir konur innan FKA.

**12. maí:** Vinnustofa á vegum Climate Investment Coalition (CIC) fyrir sérfræðinga sjóðanna um sjálfbærar fjárfestingar til framtíðar.

**26. maí:** Almennur kynningarfundur hjá Sjóvá um starfsábyrgðartryggingu stjórnar og stjórnenda lífeyrissjóða.

**27. maí:** Sólveig Hjaltadóttir, verkefnastjóri hjá LL hélt erindi á fjarfundi um innsýn í réttindi til ellilífeyris á Norðurlöndunum.

# Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða

Lífeyrissjóður	Hrein eign 31.12.2019	% af heildareignum	
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	1.017.521.397	20,5%	
Lífeyrissjóður verzlunarmana	867.670.216	17,5%	
Gildi – lífeyrissjóður	661.070.958	13,3%	þrír efstu <b>51%</b>
Birta lífeyrissjóður	432.028.797	8,7%	
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	284.474.132	5,7%	Fimm efstu <b>66%</b>
Almenni lífeyrissjóðurinn	269.133.633	5,4%	
Stapi lífeyrissjóður	256.133.220	5,2%	
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	249.103.345	5,0%	
SL lífeyrissjóður	184.207.817	3,7%	
Festa lífeyrissjóður	176.578.514	3,6%	Tíu efstu <b>88%</b>
Lífsverk lífeyrissjóður	104.566.629	2,1%	
Íslenski lífeyrissjóðurinn	99.150.205	2,0%	
Lífeyrissjóður bankamanna	84.110.223	1,7%	
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	82.873.863	1,7%	
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	61.112.029	1,2%	Fimmtán efstu <b>97%</b>
Eftirlaunajóður atvinnuflugmanna EFÍA	43.536.968	0,9%	
Lífeyrissjóður bænda	37.240.874	0,7%	
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands	25.105.620	0,5%	
Lífeyrissjóður Rangæinga	14.276.543	0,3%	
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	12.712.789	0,3%	
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	6.898.577	0,1%	
	<b>4.969.506.348</b>	<b>100,0%</b>	





LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

# Ársreikningur 2020



# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Í árslok 2020 voru aðildarsjóðir 21. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2020 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur samtakanna árið á undan. Samkvæmt

rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 130,0 millj. kr. og hagnaður af rekstrinum var 8,3 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 96,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársþyrjun var 88,4 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. mars 2021

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:

## Guðrún Hafsteinsdóttir

Gylfi Jónasson	Harpa Jónsdóttir
Arnaldur Loftsson	Hilmar Harðarson
Erla Jónsdóttir	Ingibjörg Ólafsdóttir
Halldóra Káradóttir	Valmundur Valmundsson

Framkvæmdastjóri:

Þórey S. Þórðardóttir



# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og aðildarsjóða Landssamtaka lífeyrissjóða

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Landssamtaka lífeyrissjóða („félagið“) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annaðhvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.



## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulegra annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endur skoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtoldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.



Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 23. mars 2021

**KPMG ehf.**



# Rekstrarreikningur ársins 2020

	<b>Skýr.</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>
<b>Rekstrartekjur</b>			
Árgjöld .....	1b	<u>130.000.000</u>	<u>120.000.000</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	2	87.240.746	73.054.296
Annar rekstrarkostnaður .....	3	<u>35.344.571</u>	<u>65.850.163</u>
		<u>122.585.317</u>	<u>138.904.459</u>
<b>Rekstrarhagnaður (-tap)</b> .....		7.414.683	( 18.904.459)
Vaxtatekjur .....		915.910	3.333.064
Vaxtagjöld .....		( 9.087)	( 9.075)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals</b> .....		<u>906.823</u>	<u>3.323.989</u>
<b>Hagnaður (tap) ársins .....</b>	5	<u>8.321.506</u>	<u>( 15.580.470)</u>



# Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	<b>Skýr.</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>
<b>Eignir</b>			
Áhættufjármunir			
Eignarhlutur í félagi .....	4	672.208	672.208
		<u>672.208</u>	<u>672.208</u>
Handbært fé .....		111.393.999	102.883.940
		<u>111.393.999</u>	<u>102.883.940</u>
		<b>Eignir samtals</b>	
		<u>112.066.207</u>	<u>103.556.148</u>
<b>Eigið fé .....</b>	5	<b>96.711.349</b>	<b>88.389.843</b>
<b>Skuldir</b>			
Ýmsar skammtímaskuldir .....		15.354.858	15.166.305
		<u>15.354.858</u>	<u>15.166.305</u>
		<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	
		<u>112.066.207</u>	<u>103.556.148</u>



# Sjóðstreymisyfirlit árið 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður (tap) ársins .....	5	<u>8.321.506</u>	<u>( 15.580.470)</u>
		<u>8.321.506</u>	<u>( 15.580.470)</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímaskuldir, hækjun .....		188.553	4.878.943
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>188.553</u>	<u>4.878.943</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		8.510.059	( 10.701.527)
Hækjun (lækkun) á handbæru fé .....		<u>8.510.059</u>	<u>( 10.701.527)</u>
Handbært fé í ársbyrjun .....		<u>102.883.940</u>	<u>113.585.467</u>
Handbært fé í árslok .....		<u>111.393.999</u>	<u>102.883.940</u>



# Skýringar

## 1. Reikningsskilaðferðir

- a. Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs-reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

### b. Innlausn tekna

Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu 2020 taka mið af heildareignum sjóðanna í samtryggingu og séreign samkvæmt ársreikningum þeirra fyrir árið 2018. Fast lágmarksgjald á hvern aðildarsjóð nam 325 þús. kr.

### c. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

## 2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2020	2019
Laun stjórnar og varastjórnar .....	12.205.500	11.832.000
Laun formanna fastanefnda.....	5.677.500	5.420.000
Laun og hlunnindi starfsmanna.....	51.773.091	40.889.728
Laun samtals .....	69.656.091	58.141.728
Launatengd gjöld .....	17.584.655	14.912.568
Laun og launatengd gjöld samtals.....	<u>87.240.746</u>	<u>73.054.296</u>

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreknaður í heilsársstörf .....

3,0

2,2

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og formanna fastanefnda greinast þannig:

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri .....	28.813.704	27.537.732
Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar og samskiptanefndar .....	3.406.500	3.252.000
Gylfi Jónasson, varaformaður .....	1.703.250	1.406.000
Haukur Hafsteinsson, fyrrv. varaformaður .....	0	1.028.000
Erla Jónsdóttir .....	1.135.500	1.084.000
Arnaldur Loftsson .....	1.135.500	1.084.000



Halldóra Káradóttir .....	1.135.500	1.084.000
Harpa Jónsdóttir .....	1.135.500	276.000
Ingibjörg Ólafsdóttir .....	1.135.500	1.084.000
Valmundur Valmundsson .....	1.135.500	1.084.000
Hilmar Harðarson .....	675.500	0
Jakob Tryggvason .....	460.000	1.084.000
Erla Ósk Ásgeirsdóttir .....	140.250	180.000
Hulda Rós Rúriksdóttir .....	94.250	132.000
Sigurbjörn Sigurbjörnsson .....	48.250	138.000
Ólafur Sigurðsson, formaður nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða .....	1.135.500	1.084.000
Þóra Jónsdóttir, formaður réttindanefndar .....	1.135.500	1.084.000
Agni Ásgeirsson, formaður áhættunefndar .....	1.135.500	1.084.000
Ágústa Gísladóttir, fyrrv. formaður fræðslunefndar .....	846.000	1.084.000
Snædís Ögn Flosadóttir, formaður fræðslunefndar .....	289.500	0

### 3. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2020	2019
Kynningamál, almannatengsl og auglýsingakostnaður .....	6.702.340	21.023.288
Húsaleiga .....	3.308.508	3.212.380
Annar húsnaðiskostnaður .....	698.116	688.791
Pappír, prentun, ritföng .....	1.680.503	1.354.870
Símakostnaður .....	321.002	881.610
Burðargjöld .....	172.202	295.691
Bækur, blöð, tímarit og fjölmíðlavakt .....	1.075.058	1.219.920
Aðkeypt þjónusta frá Greiðslustofu lífeyrissjóða .....	7.346.394	6.941.550
Aðkeypt þjónusta endurskoðenda .....	1.236.966	1.004.400
Aðkeypt þjónusta annarra sérfræðinga .....	4.106.815	2.535.335

Ferðakostnaður .....	286.596	1.399.324
Fundir, ráðstefnur, risna, styrkir og námskeið .....	5.343.671	8.185.031
Félagsgjöld .....	1.856.313	1.749.862
Viðhald og gjaldfærð á höld og tæki .....	217.876	2.317.657
Starfsmannakostnaður .....	975.203	996.494
Afmælishátið.....	0	12.022.004
Annar kostnaður .....	17.008	21.956
Annar rekstrarkostnaður samtals .....	<u>35.344.571</u>	<u>65.850.163</u>

#### 4. Áhættufjármunir

Félagið á 7,5% eignarhlut í Eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða hf.

#### 5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2020 .....	24.416.897	63.972.946	88.389.843
Hagnaður ársins .....		8.321.506	8.321.506
Eigið fé 31.12.2020 .....	<u>24.416.897</u>	<u>72.294.452</u>	<u>96.711.349</u>







# LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Landssamtök lífeyrissjóða · Guðrúnartúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 563 6450 · Kt. 450199-2069 · ll@ll.is

[www.ll.is](http://www.ll.is)